Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók Leikfélags Reykjavíkur 1933-1948

## Aðfnr. 1600, 1. hluti

### Fundabók Leikfélags Reykjavíkur 1933-1943


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.


Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

Leikfélags Reykjavíkur

1 9 3 3
:
1 9 4 8

.077.5 - 061.2

Aðfnr. 1600

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
1600

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BORGARSKJALASAFN
REYKJAVIKUR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundabók

Leikfjelags Reykjavíkur

1933 – 1943

Næsta bók byrjar á aðalfundi
5. júní 1943.
og lýkur með fundi 29. maí 1948

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lárus Sigurbjörnsson og Freymóður
Jóhannsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimtudaginn 10 ágúst 1933, kl. 8 1/2 e.h.
var haldinn fundur í Leikfjelagi Reykjavíkur.
Fundur hafði þá ekki verið haldinn í L.R.
síðan 29. des. 1930, er Ábyrgðarmanna-
fjelag Leikfjelags Reykjavíkur tók að sjer
rekstur L.R., fyrir eigin reikning, til
þrja ára. Nú var sá tími útrunninn og
hafði stjórn Ábm. fjel. L.R. þessvegna boðað
til þessa fundar.

Fundarstjóri var Haraldur Björnsson.
Fundarritari Valur Gíslason.

Um upptöku í L.R. höfðu sótt
frk. Emelia Borg, hr. Alfred Andrjesson og
hr. Bjarni Björnsson, og voru þau öll
samþykt.

Þá gáfu framkv.stjórar Ábm.fjel. L.R.
og Freymóður Jóhannsson
skýrslu um starfsemi fjelagsins síðastliðin
3 ár.

Næst var tekið til umræðu hvernig
starfsemi fjelagsins skyldi hagað í nánni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framtíð og reikningsskil milli Ábm. fjel. L.R. og L.R. Kom hr. Lárus Sigurbjörnsson fram með tillögu í þessu sambandi, og er hún svohljóðandi:

„Fundurinn kýs 3ja manna nefnd úr hópi ekki-ábyrgðarmanna til að semja við ábyrgðarmenn um mat á eignum og skuldum Ábyrgðarmanna fjelagsins. Jafnframt geri nefndin tillögu um áframhalds-rekstur Leikfjelags Reykjavíkur og leggi fyrir framhalds-aðalfund, sem nefndin boðar“

Tillagan var samþykt með öllum atkvæðum.

Stungið var uppá í nefndina þeim Jakob Möller, Mörthu Kalman ~~og~~, Val Gíslasyni, Einari H. Kvaran og Borg Þór Jósefsyni.

Kosin voru þau Jakob Möller Martha Kalman og Valur Gíslason.

Þarsem ekki var hægt að gera meira á þessum fundi var honum frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsaðalfundur haldinn í Iðnó 18 ágúst 1933 kl. 8½. Mættir 20 fjelagsmenn. Fundargjörð síðasta fundar lesin upp og samþykt.

Jakob Möller skýrði frá gjörðum nefndar þeirrar sem kosin hafði verið á síðasta fundi. Nefndin hafði haft fund með Ábyrgðarmannafjelaginu. Hafði hún athugað reikninga þess og efnahagsskýrslu, en bæði vegna þess að reikningarnir sýndu ekki rjetta og endanlega niðurstöðu, þar eð ýmislegt var ófært inná þá, og einnig sökum þess að enginn eignalisti var fyrir hendi, gat nefndin ekki lagt mat á eignir fjelagsins, nje gert sjer ljósa grein fyrir hve mikið skuldin kom fram úr eignum. En nefndin leit svo á að mjög vafasamt væri að eignirnar voru ~~[illegible]~~ jafn mikils virði og þær voru bókfærðar

í reikningum Atv.m. fjelagsins. Þess vegna
mundi nefndin, í tillögu sinni, ekki
leggja það til grundvallar, hve mikið
raunverulegt verð eignanna væri, heldur
hvað L. R. gæti sjeð sjer fært að taka
við miklum skuldum þannig að starfsemin
gæti haldið áfram hindrunarlaust.

Nefndin legði það til, ef L. R. tæki nú
við ~~[illegible]~~ af Atv.m. fjel. og það hugsaði
sjer að ábyrgjast áframhaldandi rekstur á leik-
starfseminni og greiðslu á skuldum, þá gæti
~~[illegible]~~ fjel. ~~[illegible]~~
[illegible] það til að taka við skuldum ~~sem~~
námu ca. 6000.-krónum, og fengi í sínar
hendur þær eignir Atv.m.-fjel. sem voru nauðsyn-
legar vegna starfseminnar.

Nefndin hafði einnig haldið fund með
nokkrum aðalleikurunum, og leitað álits þeirra
hvort þeir væru tilleiðanlegir til að taka
reksturinn L. R. að sjer á eigin ábyrgð.
Undirtektir voru mjög daufar og engir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endanleg niðurstaða.

Þá talaði Ólafur Þorgrímsson f. h. Ábm. fjelagsins. Fór hann fyrst nokkrum orðum um ástæður fyrir að aðdraganda að stofnun Ábm. fjel. Sagði að þá hefði svo umtalast (privat) milli sín og Jakob Möllers að vegl. skuld L.R. við Landsbankann að upphæð kr: 6000.- fengi að standa óbreytt og Ábm. fjel. mætti skila af sjer aftur með þeirri skuld. Nú hefðu Ábm. fjel. orðið að greiða 4000.- krónur af þessum víxli. Nú væri skuldin fram yfir liggur ca. 4000.- krónum, og ~~sem~~ bæri, það inneign ábyrgðar-mannanna. Áleit hann það sanngirniskröfu að L.R. nú leysti þá frá starfinu skaðlausa, sjerstaklega þar sem þeir hefðu tekið að sjer reksturinn í nokkurskonar greiðaskyni við L.R.

Þegar ~~...~~ Ó. Þ. hafði lokið máli sínu las fundarstjóri upp inntökubeiðni frá Valdimar Helgasyni. Valur Gíslason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótmælti því að nýjir meðlimir voru samþykktir (að) og leyfð inngöngu á sínum fundi, þarsem jafn áríðandi mál var á dagskrá, sjerstaklega þarsem viðkomandi myndi ókunnugur öllum málavöxtum. Fundarstjóri gat þess að slíkt hefði verið venja hingað til, og meðal annars gert á næsta fundi sem haldinn hefði verið, á undan, inntökubeiðnin var síðan borin upp og samþykkt.

Jakob Möller svaraði Ó. Þ. nokkrum orðum. Hvað viðkom kosn.-kvenna skuldinni þá las hann upp úr fundarbók frá fundi þeim sem undanbyggja hafði gert samninga við Alm. fjel. Var þar skýrt tekið fram að Alm. fjel. taki að sjer að greiða allar skuldir K. R.

Urðu nú allmiklar umræður og deilur um þetta atriði og önnur sem viðkomu yfirtekningu eigna og skulda, og tóku þessir til máls: Freymóður Jóhannsson, Ól. Þorgrímsson Einar H. Kvaran, Jakob Möller og Lárus

Sigurbjörnsson. Að lokum bar Ól. Þorgrímsson fram tillögu, sem hann óskaði að væri borin upp á undan tillögu nefndarinnar:
Tillaga hans er svohljóðandi:

„Framhaldsaðalfundur L. R. samþykkir að taka við eignum og skuldum Ábyrgðarmannafjelags þess, sem rekið hefur starfsemi fjelagsins frá síðastliðin ár og ber því L. R. ábyrgð á öllum skuldum Ábyrgðarmannafjelagsins út af rekstrinum frá deginum í dag, samtals kr: 11.211.36 samkvæmt efnahagsreikningi sem frammi liggur á fundinum."

(Sign.) Ólafur Þorgrímsson)

Tillagan var samþykt með 12 atkvæðum (6 ábm.) Þegar hjer var komið atkvæðagreiðslu stóð Jakob Möller upp og sagði sig úr Leikfjelagi Reykjavíkur, gjekk hann af fundi. móti tillögunni greiddu 6 atkvæði.

Brynjólfur Jóhannesson stakk upp á því að kosin væri 3ja manna nefnd til að gera tillögur um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framhaldsstarfsemi félagsins. Var það
samþykkt. Har. Björnsson stakk upp á
því að fresta kosningu nefndarinnar þar
til Ragnar Kvaran, sem nú væri á leið
til Íslands, væri kominn, þar sem hann
ef til vill væri fáanlegur ~~til~~ að starfa fyrir
~~(...)~~ félagið n.k. vetur. En svo virtist
sem fundarmenn væru orðnir þreyttir
á fundarhaldinu og áhugalausir fyrir
fundarstörfum því tillagan var feld
með 2 atkv. á móti einu.

Þá var gengið til kosningar í nefndina
og eftir margar uppástungur og mikið
þref ~~tókst~~ tókst loks nefnda hana með
þeim Har. Björnssyni Einari H. Kvaran og
Val Gíslasyni, var hún kosin í einu hljóði.

Fundi frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhalds-aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur var haldinn í Iðnó þ. 13 sept. 1933. Mættir 20 fjelagsmenn.

Fyrir fundinum lá inntökubeiðni frá frú Önnu Guðmundsdóttir. Inntökubeiðnin var samþykt, þó með því skilyrði að inntakandi hefði ekki atkvæðisrjett á þessum fundi, og skyldi þeirri reglu fylgt framvegis.

Þá var fundar~~samþykt~~gerð síðasta fundar lesin upp. Hjörleifur Hjörleifsson mótmælti fundargerðinni, taldi þátttöku ábyrgðarmanna í atkvæðagreiðslu um yfirtöku skulda og eigna ekki löglega, og kvaðst síðar mundi víkja að því máli. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina, var hún síðan borin upp til atkv. og samþykt með 12 atkv. á móti 4.

Haraldur Björnsson skýrði frá störfum nefndarinnar sem kosin hafði verið til að athuga hvernig tiltækilegast þætti að haga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

starfsemi fjelagsins í framtíðinni. Nefndin hafði leitað fyrir sjer um álit ýmsra fjelagsmanna, þar á meðal hr. Ragnar E. Kvarans, og spurt hann hvort hann væri tilleiðanlegur til að vera í stjórn fjelagsins komandi leikár, en fjekk það svar, að einsog sakir stæðu, þar sem hann væri öllum kringumstæðum svo ókunnugur, og alt óráðið með hann sjálfan, gæti hann ekki tekið slíkt að sjer. Nefndin hafði einnig leitað álits manna um að myndað yrði nýtt ábyrgðarmanna fjelag, sem tæki að sjer reksturinn, en þar sem undirtektir fjelagsmanna hefðu verið mjög daufar, sá nefndin ekki aðra leið heppilegri, einsog sakir stæðu, og legði hún það til, að fjelagið sjálft tæki að sjer reksturinn, og kysi sjer sína stjórn, sem annaðist starfsemina í umboði fjelagsins.

Í sambandi við þetta bar Valur Gíslason fram eftirfarandi tillögu:

„Þar eð Leikfjelag Reykjavíkur með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundarsamþykt dags. 18 ágúst 1933 hefur tekið að sjer skuldir og eignir eftir ábyrgðarmanna fjelagið, sem undanfarinn þrjú ár hefur rekið leikstarfsemina telur fundurinn eðlilegast og rjettast að fjelagið sjálft taki að sjer og beri ábyrgð á rekstrinum og tekur þvi fyrir næsta mál á dagskrá, sem er stjórnarkosning.“

Tillagan var samþykt í einu hljóði.

Þá bar Hannes Sigurbjörnsson fram eftir-farandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir þau afbrigði um stjórnar-kosningu, að kjósa skuli alla stjórnina 3 menn - þrjá menn - í einu, og sje kjörtímabil þeirra útrunnið 31 maí 1934. Jafnframt kýs fundurinn 2 varamenn í stjórn og taka þeir sæti í stjórninni í lengri eða skemmri forföllum stjórnar-manna. Stjórnin skipir sjálf með sjer verkum og ákveði hvert sæti varamaður skuli skipa.“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillagan var samþykt, þó með þeirri athugasemd við víkjandi kjörtímabili stjórnarinnar, að þó það væri bundið við 31 maí 1933, skyldi stjórnin ljúka við að gera full reikningskil til aðalfundar, þó slíkt yrði ekki hægt fyrir þann tíma, og þá vera í samvinnu við viðtakandi stjórn þann tíma sem það tæki hana að ganga frá reikningunum.

Þá var gengið til stjórnarkosningar og var stungið uppá þeim Mörtu Kalman, Lárusi Sigurbjörnssyni og Val Gíslasyni. Þar sem ekki komu fleiri uppástungur voru þau borin undir atkvæði og kosin í einu hljóði.

Varamenn voru kosnir, Arndís Björnsdóttir og Guðrún Indriðadóttir.

Frestað var að taka ákvörðun um endurskoðun til framhaldsfundar og þá jafnframt að endurskoða lög félagsins. Fundi frestað.

Lárus Sigurbjörnsson

V. Gíslason fundarritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1934 11. júní kl. 8½ e.h. var aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur haldinn í Varðarhúsinu uppi.

Hallur Sigurbjörnsson formaður fjelagsins setti fundinn og skipaði Brynjólf Jóhannesson fundarritara vegna veikinda-forfalla ritara fjelagsins.-

Fundargjörð síðasta fundar var síðan lesin upp og samþykkt.-

Í fundarbyrjun voru mættir 20 fjelagsmenn en síðar bættust við 5 - svo að alls sóttu fundinn 25 fjelagar auk 2ja nýrra af þeim, sem sóttu um inntöku í fjelagið.-

Inntökubeiðnir höfðu borist frá 4 eftirtöldum, sem öll voru samþ., með öllum greiddum atkvæðum, sem meðlimir, þó með því skilyrði, eins og venja er til, að þau hefðu ekki atkvæðisrjett á fyrsta fundi fjelagsins frá Magnea Sigurðsson, frá Kristín Thorberg

hr. Sigurður Björnsson og hr. Jón Leósson

Aðalfundarefni:

1. Lögð fram gildandi lög Fjelagsins.
2. Lagt fram frumv. til laga fyrir L.R.
3. Kosning nefndar til að endurskoða lögin og setja reglugjörð fyrir starfsfólk
4. Fráfarandi stjórn skýrir frá starfi fjelags. á liðnu leikári og leggur fram endursk. uppgjör fyrir leikárið
5. Kosning nefndar til að ræða um leikárið 1933-34
6. Stjórnarkosning
7. Aðalfundi slitið

---

1./ Samkv. framanskráðu fundarefni las form. upp gildandi lög fjelagsins. - Um þau urðu engar umræður.

2./ Þar næst lagði form. fram frumvarp til nýrra laga fyrir fjelagið.
Engar umræður. -

3./ Kosning nefndar til að endurskoða lögin og setja reglugjörð fyrir starfsfólk:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svohljóðandi tillaga kom frá Hinrik Sigurbjörnssyni.
„Aðalfundur Leikfjelags Reykjavíkur kýs 1 3-manna nefnd til þess að undirskoða gildandi lög fjelagsins og semji reglugjörð fyrir leikara starfsfólk enda verði frumvörp hér að lútandi lögð fyrir aukafund eigi síðar en 15. september n.k. og hefur sá fundur löggjafarvald sem aðalfundur væri.“

Tillaga þessi var nokkuð rædd og ~~[illegible]~~ síðan samþykkt með 12 atkv. gegn 1. að kjósa nefndina.–

Kosningu hlutu: Brynjólfur Jóhannesson með 18 atkv. Freymóður Jóhannsson með 16 atkv. og Hinrik Sigurbjörnsson með 19 atkv.

4. Formaður fjel. R. J. skýrði frá starfi fjelagsins, á liðnu leikári, á þessa leið:
„Leikfjelagið hóf starfsemi sína á liðnu leikári með sýningu á „Galdra-Lofti“. Var fyrsta sýning vetrarins 19. október.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sá leikur var leikinn 10 sinnum og í útvarp einu sinni.-

Næst var sýnt leikritið "Stundum kvaka kanarífuglar" og gekk aðeins 5 sinnum.- Á báðum þessum leikritum varð nokkur rekstrarhalli, en eignaaukning varð talsverð og vegur að líkindum upp í móti rekstrarhalla.

Þá var tekið fyrir leikritið "Maður og kona" var sýnt fyrsta sinn á jólum en í síðasta sinn 13. maí. og gekk samtals 36 sinnum og einu sinni í útvarp.- Er það hærri sýningartala en náðst hefur nokkru sinni hér á landi í (einu) sama leikriti.- Það er tekjuafgangur þessa leiks, sem ber rekstrarhalla vetrarins og talsvert betur, því mismunurinn ásamt auknu auglýsingamagni leikendaskrár, hækkuðum bæjarstjórnarstyrk (um kr. 1000,00) skilar þeim tekjuafgangi eftir veturinn að skuldir hafa lækkað allverulega.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var sýndur gamanleikurinn „Við sem vinnum eldhússtörfin“. – Gekk hann 8 sinnum og varð rekstrarhalli tals-verður, en aðsóknaraukning hinsvegar veruleg. – Endanlegar niðurstöðutölur um tekjur og halla á einstökum leikritum liggja ekki fyrir fyr en reikningurinn kemur úr endurskoðun. –
Síðasti leikurinn á leikárinu var „Á móti sól“. – Leikinn 5 sinnum og síðasta leiksýningin þann 3. júní. –
Barnaleikur var einn sýndur „Undraglerin“ eftir Óskar Kjartansson og gekk þrisvar.
Samtals voru haldnar á árinu 67 sýningar eða 17 sýningum fleiri en árið áður. – Er það ásamt sýningartölunni 1925/26 sem einnig var 67. næst mesti sýningarfjöldi á sama leikárinu. – Hæst er árið 1931/32 með 86 sýningar. – Af þessum sýningarfjölda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

voru 3 barnasýningar á nóni almennilega en aðrar nónsýningar voru 7.- Kvöldsýningar urðu þannig 57.- Leiðbeinendur félagsins voru á árinu: Haraldur Björnsson, Indriði Waage, frú Martha Kalman og Brynjólfur Jóhannesson með barnaleikinn.-

Í sambandi við starfsemi ársins er rétt að geta þessara merkilegra mála, sem félagið hefur haft afskifti af.-

1.- Á síðastliðnu sumri var núverandi formaður Haraldur utanlands og gerði þá uppkast að samningi við félag danskra leikritaskálda um þóknun til þeirra fyrir sýnd leikrit, 5% af brúttó tekjum að frádregnum tekjum af fatageymslu, símþóknunum, miðum, leikskrá o.s.fr.- Höfundaþóknun er annars lægst 10% skv. Bernarsamþykktinni.- Gegn þessu fága

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjaldi þar Fjelagið forgangsrjett að öllum
handritunum, sem Fjelag þetta ræður
yfir, en þau eru auk danskra
höfunda einnig norsk og fjöldi
dansk verk (Verk Ibsens og Björnsons
eru þar á skrá o. fl.) - Samskonar
samning hefir síðan einstakir
höfundar annarsstaðar á Norðurlöndum
gengið inn á, þegar þess er farið á
leit. -

2. Þá beitti Fjelagsstjórnin sér
fyrir því að fá því framgengt
á Alþingi, að meðan skemtanaskatt-
inn rynni til ríkissjóðs en ekki til
Þjóðleikhússins, þá fengi leikfjelög
landsins skattívilnun. - Allir vita
hvernig það mál fór á þingi, og
óþarfi að fara nánar út í það. -
En þó er ekki lokið úr málinu um
með þetta þýðingarmikla mál
fyrir íslenska leiklist. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Í þriðja lagi reyndi Fjelagsstjórnin
að fá hingað dönsku leikendurna
Eyvind Johan Svendsen og Frú Elsu
Schoubaue til að leika hjer
„Dr. Lambertier". – Var mjög vel í
þetta tekið í fyrstu, en málið
strandaði á óviðráðanlegum persónu-
legum ástæðum leikaranna sjálfra.

Afkoman. –

Skuldin, sem Fjelagið tók við
eftir rekstur ábyrgðarmanna Fjelagsins
var talin að vera kr. 11.211,36. samkv.
efnahagsreikningnum, sem þeir lögðu
fram á síðasta aðalfundi. – Þegar
á starfsárið leið kom í ljós að
skuldin var raunverulega hærri og
verður í þessu bráðabirgðar yfirliti
yfir afkomu Fjelagsins á liðnu
ári reiknað með að hún hafi
verið full þrettán þúsund. –
Skuld þessi var að allverulegu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lyti við fyrri ábyrgðarmann eða
um Kr. 3600.00 – Á árinu samdi
svo stjórnin við þessa skuldu-
nauta um afslátt í skuldakröfum
þeirra og fjekkst það hjá öllum
nema einum, sem heldur kaus
að stefna fjelaginu til þess að
ná Kr. 150.00 eða því sem næst
25% afslátt í kröfu hans.–
(Það er rétt að geta þess að
þessi fyrverandi ábyrgðarmaður var fyrver-
andi formaður fjelagsins Haraldur
Björnsson). –

En þó samningar fengist um
afslátt í skuldakröfum ábyrgðar-
manna, þá var öll skuldaupphæðin
svo há að þegar fram í vorið kom,
varð fjelagið í fjárþröng, þrátt fyrir
hinar geysimiklu tekjur eftir „Maður
og kona“. – Voru þá vanskil
fjelagsins orðin um Kr. 1500.00 í útborg[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefur fjelagið farið fram á að fá
svipaða upphæð í Landsbankanum, en
ómögulegt vegna þess, að dregist hefur
með að fá þetta lán á aðra viku
var ekki hægt að koma inn öllum
reikningum og gera upp reikning
fjelagsins fyrir þennan fund. - Eftir
því, sem næst verður komist
eru skuldir fjelagsins nú þann 18/6-34:
Víxlar kr. 3600.00 Blöð kr. 1114.42
Reikningar - starfsfólk og ýmsir aðrir ca. kr. 2818.98
Starfsmannaskuldir kr. 2910.14 eða samtals
kr. 10443.54 ÷ útistandandi sem innheimtist
að mestu eða öllu leyti hjá viðskifta-
mönnum - lánendum og fl. kr. 1418.59 -
eða nettó kr. 9024.95.
Auk þessa kemur hér til greina ógreiddur
10 hundraðshluti af kvöldkaupi fjelagsmanna
samtals að upphæð kr. 1776.00, sem
samþ. var á síðasta aðalfundi að
halda eftir. - Ég teldi þessa upphæð-

ekki með skuldum þar sem telja má sjálfsagt að hún verði felld niður líka og fjárhagur félagsins er lítill.- Þessi aðalfundur þarf þó ekki að taka ákvarðanir um það, því það nægir að nefnd sú sem síðar verður kosin til að úrskurða um reikninginn geri sínar tillögur um þetta.

Þar sem nú skuldir í byggðarmanna-félagsins voru uppgefnar rúmar ellefu þúsund en reyndust um fjórtán 14- þúsund hefur hagur félagsins batnað um 3000 krónur til 4000 krónur.- Og þó er ekki enn gert ráð fyrir þeim möguleika, sem er fyrir hendi, að Alþingi gefi eftir skattskuldina en sú leið verður reynd, og með það fyrir augum fékk félagsstjórnin greiðslufrest á skattinum.-"-

Guðmundur Jóhannsson gerði fyrir-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

spurði um það hversvegna skuldir
frá fyrra ári væru þetta miklu
hærri en hann hefði gefið upp.-

Brynjólfur Jóhannesson gaf þær upplýs-
ingar, að það hefðu komið fram ýmsir
reikningar, sem fyrverandi framkvæmdastj.
hefði ekki vitað um.-

Tryggv. Jóhannesson gerði sömul. fyrirspurn um
rekstursreikn. af hverju leikriti á leikárinu.

Því var ekki hægt að svara að svo
stöddu.- Og ennfremur kom frá honum
fyrirspurn um kaup fjelagsstjórnarinnar.-

Því svaraði formaður þannig: að
gjaldkeri hefði 20 kr. fyrir hvert leikkvöld
framkv.stjóri " 20 kr. " " —"—
en formaður " 10 kr. " " —"—
sem þóknun fyrir ritstjórn á leikskrá o.fl.

5. liður: Kosning nefndar o.s.fr.

Svohljóðandi tillaga kom frá L. S. form.-
" Þareð reikningar leikársins 1933-34
liggja ekki fyrir endurskoðaðir á aðalfundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ályktar fundurinn að skipa 3ja manna nefnd til að úrskurða um reikningins fjárreikning og hann kemur úr endurskoðun, enda kalli formaður nefndarinnar í samráði við formann félagsins saman aukafund eigi síðar en 15. september n.k. til þess að leggja endanlega samþykkt á reikninginn.–"

Tillaga þessi var talsvert rædd og voru skiftar skoðanir um það hvort nefnd þessi væri óþörf eða ekki.– Til máls tóku hérus tiyarbjörnur Arngrímur Ólafsson, Hjörleifur Hjörleifsson, Árelíus Bjarnason og Steingrímur Ólafsson.

Að lokum var tillagan samþykkt með 11 atkv. samhljóða.– og fór þá næst fram kosning 3 manna í nefndina Kosnir voru: Helgi Helgason með 22 atkv. Einar Bjarnason með 14 atkv. og Baldur Sveinsson með 10 atkv..–

6. liður. Stjórnarkosning:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt voru þau afbrigði, eins og oft áður, að kjósa stjórnina í einu lagi:
Kosningu hlutu:
Formaður: herra Sigurbjörn Björnsson með 25 atkv.
Meðstjórnendur: Bergsteinn Jóhannesson " 23 -"-
—"— : Marteinn Helgason " 14 -"-

—— " ——

Sæmundur Jóhannesson fékk 13 atkv. -
Því var kosinn varastjórn,- og hlutu kosningu:
frk. Arndís Björnsdóttir með 20 atkv.
Haraldur Á. Sigurðsson " 15 -"-
Sæmundur Jóhannesson " 12 -"-
Að lokum var kosinn endurskoðandi fjelagsins hr. Jakob Möller með 14 atkv.

7. liður - Aðalfundi slitið.

Pétur Sigurjónsson

Bergsteinn Jóhannesson
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fjelagaskrá

## LEIKFJELAGS REYKJAVIKUR

8. febr. 1935.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Aðalsteinn Friðfinnsson | verslm. | Bráv. 26 | 1926 | st |
| 2. | ~~Alfred Andrjesson~~ | ~~"~~ | ~~Ljósv. 14.~~ | ~~1933~~ | |
| 3. | Anna Guðmundsdóttir | frú | Hvg. 59 | 1933 | |
| 4. | Arndís Björnsdóttir | verslm. | Lauf. 70 | 1926 | |
| 5. | Baldur Sveinsson | bankar. | Smiðjust.11 | 1928 | st Hriv. |
| 6. | Bjarni Guðnason | trjesm. | Hallv. 8 | 1935 | |
| 7. | Bjarni Björnsson | leikari | Garðshorn | 1933 | |
| 8. | Brynjólfur Jóhannesson | bankar. | Lauf. | 1926 | |
| 9. | ~~Einar Björnsson~~ | ~~verzlstj.~~ | ~~Hverf. 43~~ | ~~1901~~ | st |
| 10. | Einar H. Kvaran | rith. | Sól. 3 | 1901 | H |
| 11. | ~~Emil Thoroddsen~~ | ~~píanol.~~ | ~~Túng. 12~~ | ~~1928~~ | st |
| 12. | Emelía Indriðadóttir | ungfrú | Tjarnarg.3 c | 1926 | |
| 13. | Emelía Borg | " | Lauf. 5 | 1933 | |
| 14. | Freymóður Jóhannsson | málari | Þing. 28 | 1930 | Lokastig 9. |
| 15. | Friðfinnur Guðjónsson | prentari | Laug.43. B | 1897 | H |
| 16. | Gestur Pálsson | gjaldk. | Lind. 5 | 1935 | |
| 17. | Guðrún Indriðadóttir | frú | Tjarn.3 B | 1905 | |
| 18. | Gunnar Müller | stud.jur. | Hólat. 2 | 1935 | |
| 19. | Gunnþórunn Halldórsdóttir | kaupk. | Amt. 5 | 1897 | |
| 20. | Hafliði Bjarnason | sútari | Lauf. 5 | 1935 | |
| 21. | Hallgr. Bachmann | rafl.m. | | 1935 | |
| 22. | Haraldur Björnsson | leik. | Bergst.83 | 1930 | |
| 23. | Haraldur Á Sigurðsson | verslstj. | Hring.146 | 1926 | |
| 24. | Helgi Guðmundsson | vkm. | | 1935 | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 25. | Helgi Helgason | verzl.stj. | Óð. 2 | 1901 | H |
| 26. | Hjörleifur Hjörleifsson | verslm. | Kirkj. 10 | 1930 | |
| 27. | Hjörtur Björnsson | myndsk. | Bank. 14 B | 1934 | |
| 28. | Indriði Einarsson | rith. | Tjarn. 3 C | 1897 | H |
| 29. | Indriði Waage | bankar. | Vit. 8 | 1925 | |
| 30. | Ingibjörg Bachmann | | | 1930 | |
| 31. | Jens B. Waage | f.bankastj. | Hellus. 6 | 1901 | H |
| 32. | Jakob Möller | bankaráðsm. | Hólat. 2 | 1913 | st |
| 33. | Jón Leós | bankar. | Garð. 39 | 1934 | |
| 34. | Jón Aðils | skrifstm. | Lauf. | 1935 | |
| 35. | ~~Kjartan Þorvarðsson~~ | | ~~Skoth. 7~~ | ~~1928~~ | st |
| 36. | Kristín Thorberg | frú | Rán. 8. | 1934 | |
| 37. | Magnea Sigurðsson | frú | Hring. 146 | 1934 | |
| 38. | Martha ~~Kalman~~ Indriðad. | frú | Tjarn. 3 C | 1926 | |
| 39. | Lárus Sigurbjörnsson | rith. | Sólv. 7 A | 1930 | |
| 40. | Ólafur Þorgrímsson | lögfr. | Ásv. 5 | 1930 | st |
| 41. | Páll Steingrímsson | ritstj. | Tjarn. 3 B | 1908 | st |
| 42. | ~~Sigrún Magnúsdóttir~~ | ~~leikk.~~ | ~~Ísafj.~~ | ~~1930~~ | |
| 43. | Sig. Guðnason | vkm. | Hring. 180 | 1935 | |
| 44. | Soffía ~~Kvaran~~ Guðlaugsd. | leikk. | Kirkjust. 10 | 1922 | |
| 45. | Sólveig Eyjólfsd. | frú | | 1930 | st |
| 46. | Stefán Runólfsson | f.prentari | Þing. | 1901 | st |
| 47. | Valdemar Helgason | skrifstm. | | 1933 | |
| 48. | Valur Gíslason | " | | 1928 | |
| 49. | Þóra Borg | ungfrú | Lauf. 5 | 1928 | |
| 50. | Þorst. Ö. Stephensen | leikari | Lauf. 4 | 1935 | |
| 51. | Þorvarður Þorvarðsson | f.prentsmstj. | | 1897 | H |
| 52. | Lárus Ingólfsson | | | | |
| 53. | ~~[illegible]~~ | | | | |
| 54. | [illegible] | | | | |
| 55. | [illegible] | | | | |

51 : 30

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935 Þriðjudaginn 25. janúar Kl. 8½ var haldinn fundur í Leikfélagi Reykjavíkur í „Iðnó" uppi.-

Fundarefni

samkv. aðalfundarákvörðun:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin.-
2. Reikninganefnd leggur fram samþykktan úrskurð sinn um reikning félagsins á leikári 1933-34.-
3. Laganefnd leggur fram frumvörp til laga fyrir L. R. og reglugjörð fyrir leikendur og starfsfólk.

1. liður: Formaður byrjaði fundinn með nokkrum orðum um fyrverandi félaga og marga ára skuld gjaldkera L. R. hr. Borgþór Jósepsson sem látist hefði á síðastliðnu ári, og bað fundarmenn að minnast hans með því að standa upp. Það var gjört.-

2. liður: Lesin úrsögn frá Páli Magnússyni og var hún tekin gild.

3. liður: Inntökubeiðnir voru lagðar fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá 9 eftirtöldum, sem allir voru samþykktir fjelagsmenn í einu hljóði. — Þeir

Jón[89] Aðils - Þorsteinn Ö. Stephensen[90]
Gestur Pálsson,[91] Gunnar Möller,[92] Bjarni Guðnason[93]
Hallgrímur Bachmann[94] - Sigurður Guðnason[95]
Hafliði Bjarnason[96] og Helgi Guðmundsson[97]

4. liður um 1.: Samþ. fundargerð

Ritari las upp fundargjörð síðasta fundar, sem samþykkt var óbreitt. —

5. liður - 2.: Formaður las upp álit og samþykkt reikningsnefndar, sem hljóðar svo:

Vjer undirritaðir, sem kosnir vorum á Aðalfundi Leikfjelags Reykjavíkur hinn 11. júní síðastliðinn, til þess fyrir hönd fjelagsins að endurskoða reikning þess yfir tímabilið 1. Október 1933 til 15. Október 1934, höfum yfirfarið þennan reikning og samkvæmt honum hefir endurskoðandi dregið upphæð frá, er hinir ýmsu leikendur og starfsmenn samkvæmt bókum fjelagsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

átta hjá því og miðast við 10% af kaupi þeirra á starfsárinu 1933/34, frá skuldum þess.- Stjórnin hefði ætlast til þess og samkvæmt samkomulagi við hvern einstakan eða fjölda þeirra, hefir það verið gjört, svo að það kemur líklega engum á óvart.- Vjer álítum líka að efnahagur fjelagsins sje þannig, að það verði að nota þessa ívilnun starfsmannanna, sem vjer álítum þakklætisverða.-

Eins og reikningurinn pr. 30/9 ber með sjer, hefir hann verið settur upp að nýju, með því að þá komu í ljós ýmsar skuldir fjelagsins, sem stjórnin ekki vissi um, þegar sá reikningur var gerður, og er því viðbótarreikningur endurskoðenda rjettur að voru áliti, með því að hann sýnir rjettari mynd af hag fjelagsins, en sá er fyrst var gerður.-

Skuld Friðfinns Guðjónssonar að upphæð kr. 519.05, sem stafar frá rekstri ölgerðarinnar;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leggjum vjer til að niðurfelld verði á yfirstandandi ári.–

Viðvíkjandi áhaldaeignum fjelagsins skal það tekið fram, að oss hefði fundist að æskilegt hefði verið að geta afskrifað meira af þeim en gjört hefir verið, með því að margt þeirra er lítills virði eftir fyrstu notkun, en með sparnaði og útsjónarsemi má nota margt aftur og aftur og býst stjórnin við að svo verði gjört, að svo miklu leiti sem mögulegt er.– En með því að efnahagur fjelagsins leyfir ekki hærri afskriftir en gerðar hafa verið, verðum vjer að sætta oss við þær, og gerum engan ágreining út af þeim.–

Að öllu þessu athuguðu, erum vjer einhuga um að samþykkja reikningum fyrir hönd Leikfjelagsins.

Reykjavík, 19. Janúar 1935

Helgi Helgason – Einar Björnsson – Baldur Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. liður: Friðfinnur Guðjónsson kvaddi sér þá hljóðs og sagði, að skuld sú, sem honum væri bókfærð kæmi honum á óvart, því hann vissi ekki til að hann skuldaði félaginu neitt, og segðist því ekki geta kannast við að þessi skuld sín, sem reikningsnefnd legði til að feld væri burtu, væri rétt, og var helst á honum að skilja að þetta stafaði af misskilningi núverandi stjórnar. -

Honum var þá bent á - eins stæði í bréfi reikningsnefndar, að þetta stafaði frá starfslínu „Upp.-mannfj. L.R.", sem starfað hefði undir formensku Haraldar Björnssonar og síðast undir forsts. st. Freymóð Jóhannsson, og væri því best að láta öllum fyrirspurnum um þetta atriði til þeirra. -

Um þetta urðu svo nokkrar umræður en að lokum samþykkt svohljóðandi tillaga frá Lárusi Sigurbjörnssyni:

„Fundurinn lítur svo á að bókfærð skuld Friðfinns Guðjónssonar sé í reikningum ranglega bókfærð frá starfslínu Upp.mannfj. L.R."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. liður: Formaður las síðan upp reikninginn lið fyrir lið bæði á Rekstursreikningi og Efnahagsreikningi. – Hefði hagur félagsins batnað á starfstímabilinu um Kr. 2930,56

Skuldir félagsins eru 15. október 1934 Kr. 10.658.75 við ýmsa skuldheimtum. og ógr. skemt. sk. Kr. 3612.65 en sjóðseign Kr. 1548.78 og útistandandi skuldir Kr. 1829.76. –

Um reikninginn urðu nokkrar umræður, vegna þess að Freymóður Jóhannsson vildi draga það í efa að Rekstursreikningur pr. 30/9 sá er endurskoðandi N. Manscher hefði samið fyrir tímabilið 1/7 til 30/9-33 væri réttur. –

8. liður. Samkvæmt tillögu reikningsnefndar og samþ. áður bókfærðu var samþ. með 12 samhljóða atkvæðum að fella niður 10% ímeign likera frá f. ári að upphæð Kr. 2015,05

9. liður Að lokum var reikningur 1933–34 samþ. með 13 samhljóða atkvæðum. –

10. liður. – Formaður gerði grein fyrir framtíð til laga og reglugjörð félagsins og að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fengið hefði verið álit Lárus Fjeldsted, hrm. á því, og les það upp ásamt breytingar-tillögum hans.–

Vegna þess að framorðið var þegar hér var komið og ekki útlit fyrir að hægt væri að ganga frá frumvarpinu né reglugjörðinni á þessum fundi, var samþykkt tillaga frá Jakob Möller um að fresta fundi til 8. febrúar.– En að breytingartillögum við lagafrumvarpið væri skilað í síðasta lagi fyrir 2. febrúar til stjórnarinnar.–

Á fundinum mættu 23 félagar fyrir utan þá, sem gengu í fjelagið á fundinum.–

Lárus Sigurbjörnsson

Brynjólfur Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935 þriðjudaginn 19. April kl. 8½ síðd. var haldinn fundur í Leikfjelagi Reykjavíkur uppi á lofti á Hótel Borg.

Þess skal getið, að þann 8. febrúar hefði verið boðað til fundar en varð ekki fundarfært vegna þess að aðeins 13 af 46 meðlimum staddum í bænum mættu.

Fundarefni:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Lagabreytingar
3. Fjármál.-

Inntökubeiðnir bárust frá Lárusi Ingólfssyni og Hildur Kalmann, sem voru samþykkt í einu hljóði.-

Úrsögn kom frá Indriða Waage en ákvörðun um hana var frestað til aðalfundar samkvæmt fyrirmælum laga.-

Tillaga frá Hjörleifi Hjörleifssyni um lagabreytinguna [þess efnis að fjármálanefnd ráði öllum framkvæmdum] var feld með 7 gegn 5 atkv.

Formaður tilkynti að hafa meðtekið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bréf frá Konunglega leikskólanum í Kaupmannahöfn þar er óskað að skólanum óskist framvegis eftir því fyrirkomulagi á upptöku íslenskra nemenda á skólann að Leikfjelag Reykjavíkur viðurkendi þá og gefi þeim meðmæli sín.

Fyrirspurn frá Soffíu Guðlaugsdóttur um það hvort Kongl. Skólinn

Getið óskað eftir því að komi gögn frá L. Reyk.-

Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar, sem var samþykkt.-

Síðan var gengið að dagskrá og tekinn fyrir breytingar á lögum L. R. frá 1901,- en síðasti aðalfundur hafði gefið fundinum umboð til samþykktar á lagabreytingunum.-

Á fundi voru mættir 20 félagar en til samþykktar á lögum þurfti 3/4 hluta viðstaddra atkvæða til að breyting næði fram að ganga.-

Lögin, eins og þau voru samþykkt á fundinum, eru hér tilfærð aftast í þessari fundargjörð.-

Fyrir lágu breytingartillögur frá hinni Sigurbjörnssyni, Brynjólfi Jóhannessyni og Hjörleifi Hjörleifssyni, og auk þess tillögur frá

hæstaréttarmálaflutningsmanni Lárusi Fjeldsted, sem stjórnin hefði lagt frumvarpið laganefndar til athugunar fyrir.

Umræður urðu talsverðar um breytingartillögur þessum og að þeim kom, en frumvarpið var þegar borið undir atkvæði lið fyrir lið.—

Atkvæðagreiðsla fór þannig:

1. gr. samþykkt með 16 samhlj. atkvæðum
2. " " " 17 " "
3. " " " 15 " "

Breytingartillaga L. Sigurbj. tekin aftur.

4. gr. samþykkt með 16. atkv. gegn 3.

Breytingartill. L. Sigbj. tekin aftur

en — " — Stj. Stjórnar feld með 11 gegn 3.

5. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Breytingartill. L. Sigurbj. tekin aftur

6. gr. samþ. með 17. samhlj. atkv.

7. gr. var eftir mikið rædd þar að hún snerti ákvæði félaga og úrsögn.

Gildandi lagaákvæði í þessu efni er ótakmörkuð samábyrgð og hefði stjórni

að tillögum Lárusar Fjeldsted hrm. lagt til að ábyrgðin yrði fremvegis takmörkuð við kr. 500.oo gagnvart hverjum fjelaga, - en ákvæði greinarinnar er um hvenær fjelagi telst löglega genginn úr fjelaginu. - Í samræmi við ábyrgðartillögur L. Fj. hrm. hafði stjórnin lagt til að ábyrgð fjelaga haldist óbreytt næstu 2 ár frá því hann gekk löglega úr fjelaginu. - En breytingartillaga frá Tryggv. Jóhannessyni hneig að því að hafa ábyrgðartímann aðeins 1 ár.-

Ákvæði um greinina fór þannig að hún náði ekki samþykki þareð hún fjekk 13 greidd atkv. með henni en 3 á móti.-

Breytingartillaga Fjeldsted hrm. náði heldur ekki samþykki, - 7 með 6 á móti, og breytingartillaga Tryggv. Jóh. heldur ekki - 14 með 4 á móti. -

Gildandi ákvæði laga frá 1901 eru því enn í gildi um úrsögn fjelaga.-

8. gr. var samþykkt með 16 samhlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. gr. með breytingu frá Fr. Jóh. og St. Stj. samþ.
með 16. samhlj. atkv.

10. gr. samkv. breytingartill. St. Stjörl. samþ. með
18 gegn 1. – Breytingartillaga Fr. Jóh. feld
með 16 gegn 2. – Breytingartillaga stjórnarinnar
tekin aftur og framvegis laganefndar sömu-
leiðis. –

11. gr. Laganefndar samþ. með breytingum á
fundinum með 17. samhlj. atkvæðum
Breytingartill. St. Stj. tekin aftur. – Breytingatill.
Fr. Jóh. feld með 5 gegn 2. –

12. gr. samþ. með breytingum á fundinum með
19 samhlj. atkv.

13. gr. samþ. með 16 samhlj. atkv.
Breytingartill. L. Sigurbj. tekin aftur.

14. gr. Samþykkt með 15 gegn 2. –
Ný grein frá Tryggv. Jóh. var feld
með 14 atkv. gegn 1. –

15. gr. samþ. breytingartill. St. Stjörleifs. með
breytingum framkomnum á fundinum með
16. atkv. gegn 3. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. gr., sem er um fjárhagsskuldbindingu félaga varð aðalágreiningsatriðinu í fundinum.-

Eins og áður er sagt hafði stjórnin leitað álits L. Fjelds. og hafði hann ráðlagt breytingu í frumvarpi laganefndar eins og að framan getur um takmarkaða sameiginlega ábyrgð, og hafði stjórnin gjört tillögur hans að tillögum sínum og miðað ábyrgðina við kr. 500.00.- Breytingartillaga frá St. Hjörleifs miðaði ábyrgðina við kr. 250.00.- En breytingartillaga Tryggv. Jóh. lagði til viðbótar við tillögur stjórnarinnar að kr. 500.00 væri krafist af hverjum félaga ef félagið lenti í greiðsluþrotum og eignir hrykki ekki fyrir skuldum.-

Umræður fóru nú í hönd og dreifðar en snérust þó aðallega um fjárhag félagsins.-

Gaf þá formaður yfirlit yfir tap og gróða fram að þessum tíma og hafði tapast það sem af er vetrarins á 3 sjónleikum samtals um kr. 1300.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en numið um Kr. 1100.oo – án tillits til
skrifstkostnaðar.– Annar kostnaður hefði
orðið um Kr. 2900.oo meiri en styrkir og
tekjur af auglýsingum í leikskrá o. fl. nem.–
Fram að þessum tíma hefði því
raunverulegt rekstrartap numið um Kr. 3200.oo
Haraldur Björnsson benti á það að
ef félagið ætti að halda uppi góðu
„Repertoiri" yrðu félagar að vera við
því búnir að taka á sig ennþá meiri
„skell" en rekstrarafkoma félagsins sýndi
í vetur.–

Formaður gaf þá skýringu á ábyrgðar-
ákvæði laganna að halda mætti eftir sem svaraði
allt að Kr. 500.oo af kaupi starfandi meðlima
sem ábyrgðarhluta þeirra ef félagið lenti
í greiðsluþrotum.– Gunnar Möller skildi
hinsvegar greinina svo að ef til greiðslu-
þrota kæmi væri hver félagi ábyrgur
fyrir Kr. 500.oo hvort sem hann hefði unnið
fyrir því eða ekki og mætti því ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skerða ábyrgðarhluta starfandi félaga.-
Jakob Möller lagði fast að fundarmönnum að samþykkja tillöguna með breytingum samkv. tillögu Linnet Fjeldsted.

Að lokum fór fram atkvæðagreiðsla sem fór þannig:

Breytingartill. Hj. Hjörleifs. var feld með 6 atkv. gegn 1.-

Aðaltillagan, breytingartillaga stjórnarinnar eða L. Fj. náði ekki samþykki þar eð hún fékk ekki nema 12 atkv. af 20 viðstöddum félagsmönnum en 3 voru á móti.- Þar með var fallin viðaukatillaga Tr. Ól.-

Í þessu efni gildir því óbreytt grein laga frá 1901.-

17. grein var samþ. með 13 samhlj. atkv.
Af fundi voru farnir 3 félagsm.

18. gr. samþ. með 14. samhlj.-

19. gr. breytingartillaga stjórnarinnar samþ. með 13. samhlj. atkv.- viðauka breyting

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hj. Hjörleifss. samþ. með 13. samhlj. atkv.

20. gr. Samþ. breytingartill. Bjarnar með 14. samhlj.
Greinin þannig breytt með 15 samhlj.–

Breytingartill. Hj. Hjörleifss. við þessa grein
var feld með 6 gegn 6. nema síðasti
málsliður. sem var samþ. með 16 samhlj. atkv.

21. gr. Samþ. með 13. samhlj. atkv.

22. " " " 14. gegn 1.

23. " " " 13 samhlj.

24. " Breytingartill. Lárus Sigurbj. samþ. með breytingu
á fundinum með 15 samhlj. atkv.

25. gr. Samþ. með 13 samhlj. –

Lögin þannig breytt samþykkt
með 13 samhlj. atkvæðum.

Þar sem áliðið var á fundartímann
klukkan orðin 1. og 20. og nokkrir fulltrúar farnir
af fundi þótti ekki ástæða til að ræða frekar um
fjármálin, sem var 2. dagskrárliður. en þegar hafði verið
gjört í sambandi við 7. og 16. grein laganna.–

Fundi slitið

Hans Sigurjónsson

Ingólfur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

L Ö G

fyrir Leikfélag Reykjavíkur.

1. gr.

Nafn

Félagið heitir Leikfélag Reykjavíkur.

2. gr.

Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla íslenska leiklist og vekja áhuga manna fyrir góðri leikment.

3. gr.

Þessum tilgangi hyggst félagið að ná með því:

1. að halda uppi sjónleikasýningum í Reykjavík,
2. að fara leikfarir með sjónleiki út um land, og
3. að gefa út rit um leiklist og leikment, fyrst um sinn í sambandi við leikendaskrá félagsins.

4. gr.

Félagar, inntaka, úrsögn.

Inntöku í félagið geta þeir fengið, sem sýnt hafa í einu eða öðru áhuga um hag og gengi ísl. leiklistar. Skilyrði fyrir inntöku skal þó vera: búseta í Reykjavík og að m.k. eins árs starf, með eða í þágu Leikfélags Reykjavíkur.

5. gr.

Umsókn um inntöku skal vera skrifleg og send formanni félagsins fyrir aðalfund. Skal í henni getið um hlutverk leikin af umsækjanda eða önnur störf, sem hann kann að hafa unnið í þágu leiklistarinnar.

6. gr.

Til samþykktar inntökubeiðni á aðalfundi þarf 2/3 greiddra atkvæða og er hægt að krefja hvern mættan félagsmann um atkvæði, ef ósk kemur fram um það á fundinum.

7. gr. (Breytt 5/7-35

(Úrsögn úr félaginu getur aðeins farið fram á aðalfundi, og því aðeins, að félagsmaður sé skuldlaus eða setji þá tryggingu, er aðalfundur tekur gilda, fyrir þeim kröfum, sem á honum kunna að hvíla.)

8. gr.

Inntökugjald er kr. 15.oo og greiðist við inntöku. Árgjaldið er kr. 10.oo og gjalddagi þess 1. apríl ár hvert. Árgjaldið skal vera

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greitt fyrir aðalfund, enda eru eigi aðrir atkvæðisbærir á aðalfundi, en skuldlausir félagar. Heimilt er gjaldkera eftir 1. apríl að halda eftir af kaupi starfandi félaga sem árgjaldinu nemur, sé greiðsla eigi farin fram á annan hátt.

9. gr.

Félaginu stjórna 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn með skriflegri kosningu hver í sínu lagi. Á sama hátt skal kjósa 3 varamenn. Allir þessir menn skulu vera meðlimir félagsins, þegar kosning þeirra fer fram. Stjórn

Laun stjórnarinnar skulu ákveðin af aðalfundi.

10. gr.

Um öll málefni nema aðkallandi dægurmál, skal stjórnin í sameiningu taka ákvörðun á fundum, sem eigi séu haldnir sjaldnar en aðra hvora viku, að minsta kosti á tímabilinu frá 1/9 - 1/6 ár hvert. Félagsstjórnin heldur gerðabók um það sem gerist á fundum stjórnarinnar.

Óski stjórnin að fá sérstakan mann til að annast daglegar framkvæmdir, skal hann kosinn á fundi af félagsmönnum, enda taki hann laun og vinni störf sín samkvæmt erindisbréfi samþykktu á aðalfundi.

11. gr.

Stjórnin annast leikritaval ásamt 2 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til þessa starfa. Leikritaval

12. gr.

Stjórnin ræður leiðbeinanda.

13. gr.

Leiðbeinandi ræður hlutverkaskipun og öðru því, er að leiksýningu lýtur, þó í samráði við félagsstjórnina. Þess skal jafnan gæta, að félagsmenn sitji fyrir hlutverkum og hverjum öðrum launuðum störfum, sem félagið veitir.

14. gr.

Enginn félagsmaður má taka þátt í eða starfa að sjónleikasýningum utan félagsins meðan það er starfandi, nema að þar til fengnu leyfi stjórnarinnar, enda komi það aldrei í bága við, eða í samkeppni við Leikfélag Reykjavíkur. / Stjórnin getur þó því aðeins neitað um slík Skyldur meðlima gagnvart félaginu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi, að viðkomandi félagsmanni hafi boðist eða bjóðist þá þegar starf við sitt hæfi innan félagsins. Brot gegn þessu ákvæði varða réttindamissi það sem eftir er leikárið og atkvæðamissi á næsta aðalfundi, en sektum alt að kr. 100.oo - eitt hundrað krónum - ef félagsstjórnin lítur svo á, að félagið hafi beðið álits- eða fjárhagstjón af þátttöku félagsmanna í sjónleikasýningum utan félagsins.

15. gr.

Til að ákveða þóknun fyrir störf í þágu félagsins, önnur en þau, sem ákveðin eru á aðalfundi, skal kjósa 3 manna nefnd, sem ár hvert semji gjaldskrá fyrir leikendur og starfsfólk. Þóknanir skulu ákveðnar eftir flokkum svo mörgum sem þörf er á. Við ráðningu leikenda eða annara til félagsins skal stjórnin fara eftir ákvæðum gjaldskrárinnar, og er óheimilt að fara út fyrir þau takmörk er hún setur, nema með sérstöku samþykki nefndarinnar. Verði ágreiningur milli stjórnarinnar og leikanda eða starfsmanns um það, eftir hvaða flokki launin skulu ákveðin, er hvorum aðila fyrir sig heimilt að leita úrskurðar gjaldskrárnefndar, en honum eru báðir aðilar skyldir að hlýta.

Enginn nefndarmaður má fjalla um eigin mál, heldur skal nefndin í slíkum tilfellum kveðja sér til aðstoðar óvilhallan félagsmann.

Nefndina ber að kjósa á aðalfundi, en í fyrsta sinni jafnskjótt og lög þessi eru samþykkt. Nefndin vinni kauplaust.

16. gr. *breytt 5/7-35*

Öll störf félagsins eru gjörð fyrir reikning félagsins, og allar tekjur renna í sjóð þess. Allir félagsmenn eru skyldir að ábyrgjast skaða þann, sem félagið kann að verða fyrir, allir fyrir einn og einn fyrir alla.

17. gr.

Aðalfundur kýs 2 menn til þess að endurskoða reikninga félagsins fyrir reikningsár það, er í hönd fer, skal annar endurskoðandinn vera löggiltur. Endurskoðendum ber að framkvæma mánaðarlega endurskoðun þann tíma ársins, sem leikið er.

18. gr.

Starfsár, reikningsár

Starfsár félagsins - leikárið - reiknast frá 1. júní til jafnlengdar næsta ár. Reikningsár miðist við sama tíma.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. gr.

Aðalfund skal halda í júní ár hvert og aukafundi þegar stjórnin telur þess þörf, eða ef minst 1/3 hluti skráðra meðlima óskar þess skriflega. Skal boðað til fundar með viku fyrirvara.

Aðalfundur er lögmætur ef 3/5 hlutar félagsmanna eru mættir. Mæti ekki svo margir skal boða til annars fundar er haldinn sé innan 7 daga frá hinum fyr ákveðna fundardegi. Sá síðari fundur er lögmætur með þeim, sem þar eru mættir.

20. gr.

Aðalfundarstörf eru þessi: — Aðalfundir.

a) Stjórnin skýrir frá störfum á liðnu ári.
b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til úrskurðar.
c) Kosin stjórn (sbr. 9. gr.).
d) Kosnir 3 varamenn í stjórn (sbr. 9. gr.).
e) Kosnir 2 endurskoðendur (sbr. 17. gr.).
f) Lagabreytingar, með þeim fyrirvara, að stjórnin hafi fengið tillögur eða frumvörp til breytingar í hendur eigi síðar en viku fyrir aðalfund.
g) Önnur mál, sem upp kunna að verða borin.

21. gr.

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum þeirra mála, sem ekki eru sérstaklega undanþegin í lögum þessum.

22. gr.

Aðalfundur getur með 3/4 hlutum atkvæða, sem á fundi eru, kosið heiðursfélaga hvern skráðan félaga, en utanfélagsmenn því aðeins að atkvæðin séu samhljóða, hvorttveggja að viðhafðri skriflegri, leynilegri atkvæðagreiðslu. Tala heiðursfélaga má þó aldrei fara fram úr 6 - sex-. Heiðursfélagar eru undanþegnir gjöldum til félagsins og fjárhagsskuldbindingar þess ná ekki til þeirra, en að öðru leyti eru þeir háðir lögum félagsins. — Heiðursfélagar.

23. gr.

Aðalfundur samþykkir reglugerð fyrir leikendur og starfsmenn við leiksýningar og er öllum skylt að hlýta reglugerð þessari, en við ráðningu utanfélagsmanna í hlutverk eða til starfa í þágu félagsins, skal — Reglugerð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlýðni við reglugerðina samningsskilyrði.

24. gr.

Engu má breyta í lögum félagsins eða reglugerð fyrir leikendur og starfsmenn, nema á aðalfundi og þarf þá 3/4 hluta greiddra atkvæða atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykt á fundi Leikfjelags Reykjavíkur 19. apríl 1935 að undanteknum gr. 7 og gr. 16, sem eru óbreyttar frá eldri lögum fjelagsins (1901).

Reykjavík 28/4 '35

Leikfjelag Reykjavíkur

Lárus Sigurbjörnsson
formaður

Brynjólfur Jóhannesson
ritari og bókhaldari L.R.

Martha Indriðadóttir
gjaldkeri

Undirskriftir viðstaddra fjelagsmanna:

Arndís Björnsdóttir
Hallgr. Bachmann
Gunnar H. Möller
Jakob Möller
Alfred Andrésson
V. Gíslason
Indr. Einarsson
Kristín Thorberg
Hildur Kalman
Jón Aðils
Har. Á. Sigurðsson
Magnea Sigurðsson

Þóra Borg
Emilía Borg
Guðrún Indriðadóttir með fyrirvara
Soffía Guðlaugsdóttir
Emilía Indriðadóttir
Jón Leós m. f. v. t. 16 gr.
[illegible] Þorleifsson, með þeim fyrirvara að ákv. 16 gr. var ekki borið undir atkvæði.
Har. Björnsson með þeim fyrirvara 7/16 gr.
Ingibjörg Bachmann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Undirskriftir félagsmanna, sem voru fjarverandi:

I. Waage

Lárus Ingólfsson

Anna Guðmundsd.

Bjarni Guðmundsson

Helgi Guðmunds[illegible]

Þorst. Ö. Stephensen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1935 þann 5. júlí kl. 8½ var haldinn aðalfundur í Leikfélagi Reykjavíkur uppi í litla sal í Iðnó.

Fundur hafði verið boðaður 11. Júní, en vegna þess að endurskoðun var ekki að fullu lokið var ekki hægt að halda fundinn þá.

Fundarefni utan dagskrár:

1. Inntöku beiðnir
2. Úrskurðar um atkv. og umboð.
3. Úrskurður um úrsögn.
4. Fyrirspurn til Hr. Björnsar frá Reg. Jóhanns.

Aðalfundarefni

1. Fundargerð síðasta fundar
2. a. Kosning í leikritavalsnefnd.
 " b. " " launanefnd.
3. a. Formaður skýrir frá störfum.
 " b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
 " c. Kosin stjórn.
 " d. " varastjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. e Kosnir 2 endurskoðendur
„ f. Lagabreytingar.–
„ g. Önnur mál: 1. Laun stjórnar og aðstoðarmanns
„ „ „ : 2. Tilboð frá A. Manscher
„ „ „ : 3. Kosnir heiðursfélagar.

Í fundarbyrjun voru mættir 28 félagar en síðar mættu á fundinum auk þess 6 félagar svo að als mættu 34.–

1. Inntökubeiðnir komu frá: Rögnu Bjarnadóttir sem hefði mikið unnið undanfarin ár hjá L.R. í: Mery Dugan – Karlinn í Kassanum – Maður og Kona – Þrettándakvöld – Undraglerin – og Piltur og Stúlka, og auk þess í Álfafell hjá „Litla leikfélaginu“

Frá: Pétri Péturssyni, sem mikið hefði með í Maður og Kona og Piltur og Stúlka.–

Inntökubeiðnir þessar voru samþykktar með 21 samhljóða atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.: Úrskurður um atkv. og umboð.-

Lárus Sigurbjörnsson lagði fram vottfest umboð frá Gunnþórunni Halldórsdóttur, til að fara með atkvæði hennar á fundinum þar sem hún væri ekki í bænum.-

Fundurinn úrskurðaði með 19 atkv. gegn 3 (Brynjólfs Jóhannessonar - Haraldar Björnssonar og Soffíu Guðlaugsdóttur -: bókað samkvæmt ósk þeirra) að taka umboðið gilt.-

Af viðstöddum félagsmönnum voru allir atkvæðisbærir nema 2, sem eigi höfðu greitt ársgjöld sín.-

3.: Úrskurður um úrsögn.-

Úrsögn lá fyrir fundinum frá hr. Einari Björnssyni og samþykkti aðalfundurinn svohljóðandi tillögu frá Lárusi Sigurbjörnssyni:

„Aðalfundur samþykkir að taka úrsögn Einars Björnssonar til greina, enda setji hann tryggingu fyrir þeim ábyrgðarhluta sem á honum hvílir samkv. félagslögum."

Tillaga þessi var samþ. með 19 samhlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.: Fyrirspurn til Har. Björnssonar frá Brynj. Jóhannessyni
Brynjólfur Jóhannesson lagði svohljóðandi fyrirspurn fyrir Harald Björnsson:-

"Vegna þess orðróms sem hér hefur gengið um bæinn síðastliðna 2 vetur, um það hver sé höfundur leikdóma þeirra, sem birst hafa í Alþýðublaðinu undir dulnefninu X-Y, vil ég beina þessari spurningu til Haraldar Björnssonar: Er það rétt að þú sért höfundur leikdóma þeirra, sem birst hafa 2 síðastliðna vetur í Alþýðublaðinu undir dulnefninu X-Y.-- Ég vona að Har. Bj. svari mér þessu, hér á þessum fundi frammi fyrir félagsmönnum, annaðhvort með játningu - eða hann hreinsi sig af þessum orðrómi.-"

Haraldur Björnsson neitaði að svara þessari fyrirspurn B. Jóh., en vísaði til ritstjóra Alþýðublaðsins.
Brynjólfur Jóhannesson benti honum á

á það, að ritstjórar væru undir þagnarheiti;- en engu að síður hélt Hér. Bj. fram neitun sinni og kvaðst hafa ástæðu til að álasa fjölda félagsmanna fyrir meiðandi ummæli um sig í þessu sambandi:-

[illegible] Jóhannesson og [illegible] kváðu sig fúsa til að mæla honum í þeim vettvangi ef til kæmi.-

Þá lýsti B. Jóhannesson því yfir að neitun Hér. Björnssonar væri sér og sjálfsagt fleiri fundarmönnum fullnægjandi og kvaðst hafa skriflegt vottorð þess efnis að maður, sem hann ekki vildi tilgreina, að svo stöddu, hefði tekið við handriti af ritdómi um „Piltur og stúlka“ af Hér. Björnssyni undir dulnefni X-Y á ritstjórnarskrifstofu Alþýðublaðsins.-

Þá bað Hjörleifur Björnsson um orðið og hreifði því í sambandi við skuld sína um árgjald að framhjá sér hefði verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gengið í hlutaverkaskipun þrátt fyrir loforð formannsins. – Formaður svaraði því að hann réði ekki hlutaverkaskipun. –
Þá kom loksins

Aðalfundarefnið:

1. Ritari las fundargjörð síðasta fundar, sem var samþykkt með þrem kommum breytingum á fundinum, með 18 atkv gegn 1. –

Samkvæmt fundarsamþykkt síðasta fundar óskaði Hjörleifur Hjörleifsson bókað „ að hann hefi mótmælt því, að ákvæðaákvæði gömlu laganna frá 1901 sé í gildi"

Þá var gefið fundarhlé til þess, að þeir sem ekki höfðu skrifað undir lög félagsins skrifuðu undir. –

Eftir fundarhlé höfðu 26 skrifað undir og 4 með fyrirvara eða samtals 30 meðlimir undirskrifað lögin. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjörtur Þorvarðarson neitaði að skrifa undir lög fjelagsins þar eð lögfræðilegur úrskurður fjelli um það lagaákvæði að ábyrgir fjelagar en skuldugir um árstillög væru sviftir atkvæði á aðalfundi.-
Stjörlur(?) Björnsson gerði samskonar grein fyrir neitun sinni á undirskrift laga.-
Fraymóður(?) Jóhannsson og Valdimar Helgason neituðu að skrifa undir lögin að svo stöddu.-
2.a: Þá fór fram kosning 2ja manna í Ölkeitsgæslunefnd(?): Kosningu hlutu:
Þorsteinn Ö. Stephensen með 28 atkv.
og Indriði Waage með 23 atkv.
Soffía Guðlaugsdóttir fékk 2 atkv.
og Haraldur Björnsson 3 atkv.- Auðir seðlar voru 2.
2.b: Kosið í launanefnd:
Kosningu hlutu: Jungfrúinn(?) Halldórsdóttir Jakob Möller og Hallgrímur Bachmann með 19 samhljóða atkvæðum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. ö: Formaður skýrði frá störfum á síðastliðnu ári.
Félagið hefði sýnt 7 sjónleiki, samtals 74 kveld og er það næst mesti sýninga-fjöldi á einu leikári (mest 86 sýningar 1932-33).
Aðsóknin að leiksýningunum hefði verið rýrari en áður, og þó fleiri ódýrar sýningar haldnar.- Leikritin voru öll sýnd með rekstrarhalla nema eitt, Jeppi á Fjalli.-
Þá talaði formaður um fjárhag félagsins og er síðar vikið að því í þessari fundargjörð.-
Eftir að formaður hefði skýrt frá starfseminni 1934-35 tók til máls Haraldur Björnsson og lýsti vanþóknun sinni á ýmsum ráðstöfunum formanns, svo sem afskiftum hans af upptöku íslenskra nemenda á Konunglega Leikskólann í Kaupmannahöfn, í Bergensför sinni; að James Hansen hefði verið ráðinn hingað sem leiðbeinandi með háu kaupi án þess að sýnilegur væri nokkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

betri árangur eftir störf hans en íslenzkir leikstjórar; - og að boðið hefði verið för til Færeyja og Bergen og gerðar ráðstafanir um leikendaval án nægilegs undirbúningstíma. (Rætt samkv. ósk H. B.).-
Þessu öllu svaraði formaður, og var alt hrakið í garð Har. Bj., á þá leið að hann (form.) hefði mætt sem fulltrúi Leikf. Reykjavíkur á Holbergshátíðinni í Bergen og ekki gefið þar neins vilyrði fyrir leikför til Bergen, hinsvegar hefði hann verið spurður um möguleika fyrir þessu og svarað því þannig, að ef kleift væri myndi hann og fleiri leikfélags menn hafa ánægju af slíkri för.- Hann hefði ávalt látið leyst í götu íslenzkra nemenda á Konungl. leikskólanum heldur þvert á móti greitt götu þeirra.-
Uppástungan um skipulagningu íslenzkra nemenda á skólanum væri komin frá forstj. skólans hr. Mejendam.- Um mál Har. Bj.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Gunnari Hansen stæði hann sennilega einn,
nema hann vildi telja álit leikdómarans
X-Y með sér. – Forseti hefði farið
fyrir af óviðráðanlegum ástæðum. –

Hjörleifur Hjörleifsson stóð þá upp og
lýsti velþóknun sinni á ráðningu Gunnars
Hansen síðastliðinn vetur og tóku fleiri
undir það. –

3.ð Lagðir fram endurskoðaðir reikningar. –

Um leið og formaður skýrði frá störfum
síðastliðið leikár gerði hann grein fyrir
ýmsum liðum á reikningunum. –

Rekstrarhallinn á árinu nam samtals
Kr. 10.548.45 á móti Kr. 2.961.44 rekstrar-
hagnaði árinu áður. – Á rekstrarreikningi
nema afskriftir eigna Kr. 7.355.17. – Á
efnahagsreikningi nema skuldir samtals
Kr. 27.943.11, þar af til félagsmanna
Kr. 8.020.12, en bókfærðar eignir að
frádregnum afskriftum Kr. 16.435.01
(afskriftir Kr. 7.355.17). – Sjóðsbirgðir voru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. 504.17, óinnheimtur styrkur hjá bæjarsjóð
Kr. 2000.00 og útistandandi skuldir Kr. 1060.69.-
Eftir því urðu skuldir fram yfir eignir
Kr. 7.943.24 og gerði aðalfundur ráðstafanir til
greiðslujöfnunar á þann hátt, (eins og síðar getur í
fundargjörð þessari) að félagsmenn gæfu eftir
10% af kaupi sínu á árinu en veittu
félaginu þessfremst lán sem nam 15%
af viðskiftum við félagið, auk þess Kr. 30.00
fyrir hvern skráðan félaga, og tilfærðist
höfuðstólsreikningi þannig Kr. 5461.65, en
brúttó skuldir lækkuðu um Kr. 2721.10.-
Endurskoðaðir reikningar af löggiltum
endurskoðanda, N. Manscher, og endurskoðanda
félagsins Jakob Möller, var síðan sam-
þykktur með þessum breytingum með
18 atkv. gegn 2.-

Tillögur stjórnarinnar um, að félagsmenn
1. gefi 10% afslátt af kaupi sínu samt. Kr. 2721.10
samþykkt með 18 atkv. gegn 1.
2. Að félagsmenn veiti félaginu lán (greiðslufrest)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á 15% af kaupi sínu samtals kr. 4.081.65
samþykkt með 18 samhljóða atkv.

3. Að félagsmenn veiti félaginu 30 króna lán hver, er greiðist þegar í stað samtals kr. 1.380.00
samþykkt þannig:- Að fela stjórninni að fá 30 kr. lán hjá hverjum félagsmanni, með 19 samhlj. atkv.-

Um reikninginn urðu nokkrar umræður.-

Hjörl. Hjörleifsson lagði svohljóðandi fyrirspurn fyrir Jakob Möller sem endurskoðanda: „Hefið þér athugað hvort þar ligur sem taldar eru í efnahagsreikningi eru fyrir hendi, og hvort þær eru þess virði, sem tilgreint er."

Jakob Möller taldi sig ekki þurfa að svara þessari fyrirspurn.-

Þá spurði Hj. Hjörleifsson: „Sá fráleikin ábyrgð félagsmanna, er félagið þá „Sólvant"?"

Ekkert svar.-

Hj. Hjörleifsson benti þá á að eftir þeu svör, sem endursk. Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði gefið við fyrirspurnum sínum um „Sólons“ félagsins væri vefesent hvað fundurinn gæti gjört í þjermálum. (Bókað orðrétt samkv. ósk Hj. Hj.–

Þá lýsti Freymóður Jóhannsson því yfir að hann teldi enga færa leið aðra en þá að leysa félagið upp.– (Bókað samkv. ósk Freymóð Jóhannssonar)

3 e. Þá var kosin stjórn.–

Lárus Sigurbjörnsson skoraðist undan endurkosningu, og gerði þá grein fyrir, að þar sem félagið hefði sætt árásum, sem virtust sprottnar af pólitískum ástæðum, kærði hann sig ekki um, að láta þau skeyti, sem á sig væri skeytt úr þeirri átt, standa í félaginu, en mæltist til þess, að félagsmenn kysu Har. Á. Sigurðsson konsúl í sinn stað.–

Var Haraldur Á. Sigurðsson síðan kosinn form. með 23 atkv. 9 seðlar auðir. Enginn annar í kjöri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingibjörg Jóhannsson var kosin ritari með ~~[illegible]~~ 25 samhlj. atkvæðum.
Enginn annar í kjöri.
Martha Indriðadóttir var kosin gjaldkeri með 17 atkv. – 7 seðlar voru auðir en Hallgrímur Bachmann fékk 8 atkv.

3.d Varastjórn:
Kosningu hlutu:
Varaformaður. Lárus Sigurbjörnsson með 23 atkv.
" ritari Hallgrímur Bachmann " 23 "
" gjaldkeri Arndís Björnsdóttir " 25 "

3.e Endurskoðendur:
Þeir N. Manscher löggiltur endurskoðandi og Jakob Möller alþingismaður voru endurkosnir með 20 samhlj. atkv.

3.f 3 Heiðursfélagar:
Þá voru kjörnir heiðursfélagar þeir:
Einar H. Kvaran, rithöfundur
Friðfinnur Guðjónsson, prentari
Helgi Helgason, verzlunarstjóri,
Indriði Einarsson, rithöfundur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jens A. Waage, fyrv. bankastjóri og
Steindór Gunnarsson, prentsmiðjustjóri.

3. f. <u>Lagabreytingar:</u>

Stjórnin lagði fram tillögur til lagabreytinga
og hafði, eins og áður, notið lögfræðilegrar
aðstoðar hæstaréttarmálaflutningsmanns
Lárusar Fjeldsted til undirbúnings þeirra.
Lagabreytingar urðu þessar eftir nokkrar
1. umræður: Í stað 7. gr. komi ný grein svohlj.
„Úrsögn úr félaginu getur aðeins miðast
við lok hvers reikningsárs, nánar tiltekið
31. Mai. Skal úrsögn vera skrifleg og
komin í hendur formanns með að m.k.
tveggja mánaða fyrirvara eða fyrir
1. April. – Verði úrsögn eigi tekin lögmæt
af stjórn félagsins eða af félagsmönnum
á aðalfundi, er úrsegjandi háður
lögum og reglum félagsins í einu og
öllu næsta reikningsár, en ábyrgð hans
sem félaga á skuldbindingum félagsins,
samkv. 16. gr., miðast við þann tíma er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann löglega gekk úr félaginu, helst óbreytt
næsta ár.-"

Þessi lagabreyting var samþykkt með
21 atkv. gegn 4 (Jón Leós - Hjörleifur Hjörleifsson -
Her. Björnsson og Freym. Jóhannsson; bókað samkv.
ósk þeirra).-

2. breyting: Í stað 16. gr. komi ný grein:-
"Hver félagi ber persónulega ábyrgð á allt
að Kr. 400.00 - fjögur hundruð-krónur, af
skuldum félagsins, nema ef um sérstakar
skuldbindingar er að ræða frá hans hendi.-
Ágóða hvers árs skal fyrst og fremst
verja til greiðslu á skuldum eða kaupa
á áhöldum.- Verði afgangur tekur aðal-
fundur ákvörðun um hvernig honum
skuli varið.-"

Þessi lagabreyting var samþykkt með
19 atkv. gegn 5.- (Bjarni Guðnason - Hjörl.
Hjörleifsson - Her. Björnsson - Jón Leós og
Freym. Jóhannsson.- Bókað samkv. ósk þeirra)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breytingartillaga stjórnarinnar við 14. gr. þannig:
„Félagsmaður, sem tekur þátt í sjóðsleika-haldi utan félagsins þrátt fyrir aðvörun félagsstjórnarinnar, missir þegar í stað félags-réttindi og strykast út af félagsskrá í lok reikningsársins, sbr. 7 gr." Var felld.—

3.9.2: Tilboð frá N. Manscher lögg. endursk.—
Formaður tilkynti að N. Manscher byðist til að taka að sér alt bókhald, gjaldkera-störf og endurskoðun fyrir samtals Kr. 1.500.00 fyrir Hreyfil. Reykjavíkur.— Stjórnin lagði til að þessu tilboði væri tekið því að með þessu sparaðist um 900 Kr.—
Svohljóðandi ályktun var samþ. eftir nokkrar umræður: „Fundurinn ályktar að fela fjárhagsnefnd að semja við N. Manscher, ef henni sýnist svo, og ennfremur að ákveða kaup stjórnar."
Þessi ályktun var samþ. með 19. samhlj. atkvæðum.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjárhagsnefnd: Stjórnin lagði til að kosin væri fjárhagsnefnd. – Eftir nokkrar umræður var svohlj. ályktun samþ. með 19 atkv. gegn 2.

"Fundurinn ályktar að kjósa fjárhagsnefnd skipaða 3 mönnum. – Nefndin vinni í samráði við stjórnina að nauðsynlegum lántökum og geri fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár. – Nefndin vinni kauplaust." –

Í nefndina voru kosnir:
Helgi Helgason, verzlunarstjóri
Jakob Möller, alþ.maður og
Lárus Sigurbjörnsson, varaformaður félagsins. –

Svohljóðandi tillaga hafði komið fram á fundinum frá frú Soffíu Guðlaugsdóttir. –:

"Ég leyfi mér að bera fram þá tillögu, eftir að hin nýju lög L.R. eru samþykkt – að allir félagsmenn geri hinni nýju stjórn félagsins kleift að starfa,

m. a. með því að allir félagsmenn, hver í sínu svæði, vinni kauplaust héreftir að áhugamálum L. R. eftir því sem hver er kallaður til, - þangað til skuldir L. R. eru horfnar.-"

Greinargerð:

Jeg álít félaginu ókleift að starfa, svo lengi sem þessar gömlu skuldir félagsins hvíla á því, og þar sem félagsmenn eru ábyrgir hver fyrir alla og allir fyrir einn, (þetta er rangt því samþ. hefur verið takmörkuð ábyrgð félagsmanna:- B. Þ. ritari) álít ég þetta fyrstu leiðina fyrir efnalitla félaga að vinna sín skyldustörf, að standa straum af skuldum L. R."

(segir Soffía Gudlaugsdóttir)

Fyrirvari: Þeir sem ekki styðja Vatnalegs stjórn eru undanþegnir þessu ákvæði!!

Engar umræður urðu um tillögu þessa vegna þess að frú S. Gudl. var farin af fundi áður en hægt var að ræða hana.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira var ekki gjört á þessum fundi og honum slitið kl. 2 og 25 mín. um nóttina og hafði hann þá staðið yfir í hérumbil 6 klukkustundir. —

Brynjólfur Bjarnason
(ritari.)

Jónas Sigurjónsson
varaform.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1936 þann 24. júlí kl. 8½ var haldinn aðalfundur í Líkfélagi Reykjavíkur í Iðnó (uppi).- Þann 17. júlí hefði verið boðaður fundur en varð ekki lögmætur aðalfundur vegna þess að aðeins 20 félagsmenn mættu.-

Þess skal getið, að vegna þess að reikningar félagsins voru ekki tilbúnir frá endurskoðanda N. Manscher fyr en í júlí, var ekki hægt að boða fund í júní eins og félagslög mæla fyrir og var því ekki boðaður fundur fyr en 17 júlí, sem fyrst fyrir eins og fyr er getið.-

Í fundarbyrjun voru mættir 20 meðl. en umboð til að fara með atkv. voru lögð fram frá 11 neðantöldum félagsmönnum.

Ragnar E. Kvaran mætti með umboð frá Einari H. Kvaran
Ármi " " " " Þóru Borg
Ármif " " " " Emelíu Borg
Hjörleifur Hjörleifsson " " " " Soffíu Guðlaugsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Indriði Einarsson mætti með umboð frá Emilíu Indriðadóttir
Marta Indriðadóttir . . . . Guðrúnu Indriðadóttir
Gestur Pálsson . . . . Magnúsi Sigurðssyni
Sami . . . . Sér. Á. Sigurðssyni
Lárus Sigurbjörnsson . . . . Gunnþórunni Halldórsdóttir
Brynjólfur Jóhannesson . . . x. Pétri Pálssyni
Haraldur Björnsson . . . . Önnu Guðmundsdóttir

Síðar á fundinum mættu 5 félagar. svo að samtals voru 36 atkv.–

Þar sem 4 umboð voru óstaðfest með vottum urðu um það nokkrar umræður, en að lokum var samþykkt svohlj. ályktun: "Vegna þess að félagsmenn vissu ekki allir að umboð ættu að vera staðfest með 2 vottum ályktar fundurinn, í þetta sinn, að taka óstaðfest umboð gild.–

Í fjarveru form. Sér. Á. Sigurðssonar stjórnaði varaform. Lárus Sigurbjörnsson fundi.–

Eftir að hafa sett fund minntist hann með nokkrum orðum hins látna félaga hr. Kjartans Þorvarðssonar og bað fundarmenn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að standa upp.-

Inntökubeiðnir bárust frá frú Ingibjörgu Steinsdóttur, [102] frú Regínu Þórðardóttur [103] hr. Kristjáni Kristjánssyni og hr. Ragnari E. Kvaran.- Voru þau öll samþ. sem meðlimir með samhlj. atkvæðum

Hr. Ragnar E. Kvaran hefði lagt fram á fundinum svohljóðandi bréf:

" Eins og kunnugt er, hefi ég starfað með Leikfélagi Reykjavíkur síðastliðið starfsár þess.- Mér leikur hugur á að fá tækifæri til þess að sitja aðalfund félagsins, enda er ég gamall félagi.- Nú virðist mér svo óvíst um framtíðarhag félagsins, að ég tel ástæðulaust að ganga í það fyr en ef vera mætti, að þessi fundur leiddi í ljós, að líkur væru fyrir því að það lengi lifað.- Eru það því tilmæli mín til yðar, hr. formaður, að mér verði leyft að sitja fundinn og taka þátt í störfum hans, enda þótt ég

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í byggingu hans hefði ekki tekið ákvörðun um endanlega inngöngu. – 17. júlí 1936 R.G.tö!! (Sign)

Þareð þannig var litið á að ekki aðrir en skráðir félagsmenn gætu setið aðalfund og farið með umboð lagði hr. A. E. Roeren fram inntöku beiðni. –

Hr. Einar Björnsson hafði sent félaginu svohlj. bréf: "Vegna fjarveru [redacted] úr bænum get ég ekki mætt á aðalfundi félagsins, en óska eftir að úrsögn mín falli burtu." Samþykkt var að skoða bréf þetta, sem nýja inntöku-beiðni:

Þá byrjuðu hin venjulegu aðalfundarstörf. –

Ritari las upp fundargjörð síðasta fundar, sem var samþykkt. –

Þarnæst skýrði formaður (varaform.) frá starfsemi síðastl. vetur og [redacted] las upp reikning félagsins endurskoðaðann:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á leikárinu höfðu verið sýnd 7 leikrit samtals 76 sýningar.-

Rekstrarhallinn á árinu var samtals Kr. 7.404.97.- Á ~~rekstrarreikninga~~ væru ~~afskriftir eigna~~ Kr. 6.519.09.- Á efnahagsreikningi væru skuldir samtals Kr. 37.114.23 þar af til félagsmanna Kr. 6.581.55 en bókfærðar eignir að frádregnum afskriftum Kr. 17.342.63.- Óinnheimtur styrkur hjá bæjarsjóði Kr. 2000.- og útistandandi skuldir Kr. 3.764.49.- Eftir því væru skuldir fram yfir eignir Kr. 12.458.11.-

Lögmaður Jóhannsson gerði nokkrar fyrirspurnir um skuldir ýmsra félagsmanna til félagsins,- og endurtók álit sitt frá í fyrra, að best væri að leysa félagið upp.-

Jakob Möller lýsti því yfir að hann hefði ekki endurskoðað reikninginn að þessu sinni því að hann hefði ekki fengið boð um að hann væri tilbúinn fyr en svo seint.-

Um reikninginn urðu nokkrar umræður, svo og um fjárhagsörðugleika félagsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ragnar E. Kvaran lagði fram svohljóðandi tillögu:
"Ég geri það að tillögu minni, að fundurinn kjósi þriggja manna nefnd, sem falið sé að rannsaka fjárhagsmöguleika fyrir starfsemi á næsta ári. – Nefndin skili áliti til aðalfundar innan þriggja vikna." –

Um tillögu þessa urðu nokkrar umræður. Indriði Einarsson, Martha Indriðadóttir og Brynjólfur Jóhannesson studdu tillögu R. E. Kvaran, en Brynj. Jóhannesson lagði til að kosin yrði stjórn og henni falið að semja við skuldheimtumenn. –

Lárus Sigurbjörnsson áleit ekki rétt að kjósa nefnd til að semja um skuldir félagsins og lagði fram ásamt Hallgrími Bachmann rökstudda dagskrá svohljóðandi: "Þar sem aðalfundur lítur svo á, að störf þau, sem ætluð eru sérstakri nefnd að vinna, samkv. tillögu hr. Ragnars E. Kvaran, séu meðal verkefna venjulegrar stjórnar og unnin á þann hátt, sem tillagan ber með sér, álítur fundurinn óþarft að kjósa slíka nefnd og tekur fyrir næsta

mál á dagskrá.– Haraldur Björnsson lýsti því yfir að hann styddi tillögu Þ. E. Sveins og sagði að það væri erfitt fyrir félagið að fá menn til að sitja í stjórn í þeirri óvissu hvort hægt væri að fá eftirgjöf á skuldum.–

Í umræðum þessum hefði það upplýst, að hin nýja styrkveiting ríkissjóðs kr. 4000.00 væri þeim skilyrðum bundin að bæjarsjóður leggði fram jafn mikið fé.– Jakob Möller sagði að það myndi ef til vill verða mjög erfitt að fá styrkinn hækkaðan hjá Bæjarstjórn Reykjavíkur og sagði ennfremur að það hefði komið sér á óvart þetta skilyrði fyrir ríkisstyrk því til þess hefði ekki verið ætlast, en áleit hinsvegar að hægt væri að fá leiðréttingu á þessu hjá fjármálaráðherra. Hann lýsti því yfir að hann væri fylgjandi þeirri tillögu að kjósa nefnd til að semja um lækkun skulda.–

Rökstudd dagskrá þeirra L. S. og H. Bachmann var síðan borin upp og feld með 12 atkv. gegn 5.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Á. E. Averens var svo borin upp og samþykkt með 14 atkv. gegn 4.–

Í nefndina voru kosnir:

Hallgrímur Bachmann með 27 atkv.
Jakob Möller " 25 "
Gestur Pálsson " 24 "

Þá stóð upp Traustmóður Jóhannesson og lýsti því yfir að fram hjá sér hefði verið gengið síðastliðinn vetur með málaravinnu, og sagt að Hr. Á. Sigurðsson form. hefði gert við sig munnl. samning um að taka að sér alla hjólkrómálninguna en að það hefði verið svikið.– Þessu var ekki hægt að svara þar sem form. Hr. Á. Sig. var ekki viðstaddur (ekki í bænum)

Þá talaði Hjörleifur Hjörleifsson og sagði að honum þætti óheppilegt að bókhaldið væri í höndum A. Menscher því að það væri ekki eins gott og nákvæmt eins og síðastliðinn vetur hjá Brynjólfi Jóhannessyni.– Hann vildi halda því fram að reikningarnir

væri að mörgu leiti óviðkomandi og rangur.–

Þar næst kvaddi hr. Helgi Helgason hljómsv.stj. sér hljóðs og þakkaði fyrir sér sýndan heiður með því að vera kjörinn heiðursfélagi, og sagðist óska félaginu alls góðs í framtíðinni, og ~~hann~~ sagðist sömuleiðis vilja þakka félaginu fyrir að leika. Ókeypis á gönguför fyrir stúkuna „Einingin“ síðastliðinn vetur.–

Þá talaði Indriði Einarsson rithöfundur og sagðist sömuleiðis vilja þakka að hann hefði verið kjörinn heiðursfélagi.–

Síðan var þessum aðalfundi frestað þar til nefndin, sem kosin var til að semja við skuldheimtumennina. hefði lokið störfum.

Páll Sigbjörnsson
varaformaður

[illegible] Jóhannesson
ritari.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. Ágúst. 1936 kl. 8½ e.h. var haldinn:
Framhalds- Aðalfundur
í Leikfélagi Reykjavíkur á Hótel Borg uppi.
Í fundarbyrjun voru mættir 19 félagsmenn
en síðar mættu 11 og sátu því fundinn
30 félagar.-
Haraldur Björnsson mætti með umboð frá Brynj. Jóhannessyni
Lárus Sigurbjörnsson " " " [illegible] Sveinssyni
Sami " " " Ólafi Þorgrímssyni
Marta Indriðadóttir " " " Arndísi Björnsdóttir
Valur Gíslason " " " Indriða Waage
Inntökubeiðni barst fél. frá hr. Hinrik
Fr. Berndsen, sem gaf þær upplýsingar að
hann hefði áður leikið á Blönduósi og hjá L.A.
Sömuleiðis barst inntökubeiðni frá hr
óperusöngvara Pétri Á. Jónssyni.-
Voru þeir báðir samþ. meðlimir L.R.
með öllum greiddum atkvæðum.-
Þá las ritari fundargjörð síðasta fundar,
sem var samþ.-
Þar næst gaf formaður, Hallgrími Bachmann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formanni nefndar þeirrar, sem kosin var á síðasta fundi, orðið.-

Hallgrímur Bachmann skýrði frá því að nefndin hefði átt tal við flesta skuldheimtumönnum L.R. og fengið þá til að ganga inná að krefja ekki félagið um meir en 10% af skuldum á leikárinu 1936-37.- Þá bætti hann og um ýmsar sparnaðarráðstafanir, sem nefndin hefði hugsað sér, svo sem lækkun á kaupi leikara og starfsfólks samkv. tillögum launanefndar o.fl. Um þessar tillögur urðu nokkrar umræður og voru ræðumenn almennt á þeirri skoðun að sjálfsagt væri að strika út allan óþarfa kostnað og að lækka kaup leikara og starfsfólks.

Martha Indriðadóttir lagði til að allar blaða-auglýsingar væru látnar niður falla, en útvarps-auglýsingar notaðar í staðinn.- Það var þó ekki samþykkt.- Hinsvegar var samþykkt að draga úr auglýsinga kostnaði að svo miklu leiti, sem stjórnin teldi heppilegast.-

Tillögur um kauplækkun voru samþykktar.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá hófust umræður um fjárhag félagsins og framtíðarstarf.- Voru félagsmenn allir á þeirri skoðun að sjálfsagt væri að starfa, að minsta kosti veturinn 1936-37, þareð skólaheimilunum hefðu gefið frest á innheimtu skulda.-

Eftir það var kosin stjórn: Kosningu hlutu:

Formaður: Ragnar E. Kvaran með 16 atkv.

Ritari : Brynjólfur Jóhannesson " 17 "

Gjaldkeri : Hallgrímur Bachmann " 20 "

Varastjórn:

Varaformaður: Haraldur Björnsson.

" ritari: Gestur Pálsson.

" gjaldkeri: Arndís Björnsdóttir.

Launanefnd:

Gunnþórunn Halldórsdóttir, Jakob Möller og Lárus Ingólfsson.-

Endurskoðendur:

Jakob Möller, og stjórninni falið að semja við og ráða löggiltan endurskoðanda.

Leikritavalsnefnd:

Indriði Waage og Þorsteinn Ö. Stephensen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefnd var og kosin til að semja erindisbréf fyrir framkvæmdarstjóra ef stjórnin ákveði slíkan mann sér til aðstoðar.– Kosnir voru þeir Gestur Pálsson, lögfr. Gunnar Möller lögfr. og Haraldur Björnsson.–

Þá kvaddi Lárus Sigurbjörnsson sér hljóðs og sagði að „Bandalag íslenskra listamanna“ óskaði eftir stuðningi Leikfj. Reykjav. til þess að hægt væri fyrir Ísland að ganga í „Norrænt samband“.– Samþykkt var að vísa því máli til stjórnarinnar til frekari afgreiðslu.–

Helgi Helgason verslunarstjóri kvaddi sér þá hljóðs og óskaði hinni nýju stjórn til hamingju og lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn skorar á stjórn félagsins að útiloka hvern þann leikanda frá störfum – að minsta kosti yfirstandandi leikár – er mætir ölvaður á leikkvöldi.– Helgi Helgason.–

Tillaga þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og var síðan: Fundi slitið.–

Ragnar H. Kvaran
formaður

Brynjólfur Jóhannesson
ritari.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. April 1937 kl. 4 var haldinn fundur í L.R. í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu.-

Fundarefni:

Tilboð frá erlendum leikhúsum.-

Formaður skýrði frá 3 tilboðum er félaginu hefði borist frá útlöndum:

1. Á síðastliðnu hausti hefði prófessor Håkon Shetelig frá Bergen, er þá dvaldi hér á fyrirlestrarferð, vakið máls á því við stjórn L.R. hvort ekki væri hægt að koma því í kring að íslenskir leikarar sýndu 2 íslensk leikrit í Bergen og Osló.

Síðan hefir farið fram um þetta mál, bréfaskriftir milli L.R. og próf. Shetelig, sem er í stjórn „Nationalscenen i Bergen", og sömuleiðis bréfaskriftir milli L.R. og h. Grøn Bøgh kaupm. í Bergen, sem er form. fél. „Norden".

Höfðu báðir þessir menn tekið það fram að mál þetta hefði þegar vakið talsverða athygli meðal leikhúsmanna bæði í Bergen og Osló.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir nokkrar umræður komust fundarmenn að þeirri niðurstöðu að heppilegast myndi að slík för væri ekki farin fyr en árið 1938 þareð undirbúningur yrði að vera mikill og góður og leikrit þá valin, veturinn 1937-38, með tilliti til slíkrar farar.- Stjórninni var falið að halda þessu máli vakandi.-

2: Þá hefði félaginu borist fyrirspurn og tilboð um væntanlega för, hr. hljómsveitarstjóri Bjering-Petersen, ~~til~~ Reykjavíkur.- Hann vildi koma hingað í Mai með 3-4 danskar óperettur með 20 leikara ~~en~~ hefði í sínu bréfi síðar talað um að aðeins kæmu 14 leikarar og vildi því fá 6 íslenska þeim til aðstoðar.
Stjórnin hefði athugað þetta mál mjög vandlega og komst að þeirri niðurstöðu að leikfél. Reykjavíkur gæti ekki sint þessu tilboði þareð allur kostnaður við slíka för yrði gífurlega mikill og því fyrirsjáanlegt tap.- Hefði Bjering-Petersen verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sendur lista yfir allan kostnað hér í Reykjavík.
Um þetta tilboð urðu því svo að segja engar umræður.–

3. Þá hafði félaginu borist bréf frá hr. kammerjunkeri M. Magnúss. um það að hingað vildi koma í vor forstjóri skólasenunnar í Kaupmhöfn að nafni D. Stile og sýna hér 2 leikrit með nemendum sínum. Jafnframt var það tekið fram að hann myndi fús til að annast móttöku íslensks leikflokks til Kaupm. næstkomandi haust ef L.R. óskaði þess.–

Um þetta tilboð urðu nokkrar umræður og var að lokum samþ. svohljóðandi tillaga frá Lárusi Sigurbjörnssyni: „Fundurinn lítur svo á að það sé heppilegt að fá hingað erlendan leikflokk til að halda sýningar hér í vor, og samþykkir, ef stjórnin álítur fjárhagslega kleyft, að sinna tilboði Direktör Stile“.–

Tillaga þessi var samþykt með öllum greiddum atkvæðum.–

Hjörleifur Hjörleifsson óskaði þess að stjórnin

leitað upplýsinga um Dir. Heile hjá hr. leikara Poul Reumert eða hr. leikara Adam Poulsen áður en endanlega væri gengið frá samningum.— Lýsti formaður því yfir að sjálfsagt væri að gjöra það.—

Fleira lá ekki fyrir þessum fundi og var honum því slitið.—

Ragnar E. Kvaran
formaður

Brynjólfur Jóhannesson
ritari.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1937 þann 22. júlí kl. 8½ var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur.-

Fundur hafði verið boðaður þann 15. júlí en gat ekki orðið vegna þess að aðeins mættu 17 félagar.-

Aðalfundarefni:

1. Ritari les upp síðustu fundargjörð.-
2. Stjórnin skýrir frá störfum s.l. ár.-
3. Lagðir fram endursk. reikningar.-
4. a. Kosin stjórn:
   b. 3 menn í varastjórn
   c. 2 endurskoðendur
   d. 2 menn í leikritavalsnefnd
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál: [illegible].-

Eftir að formaður hafði sett fundinn minntist hann tveggja látinna félaga, þeirra Stefáns Runólfssonar og Þorvarðar Þorvarðssonar.-

Þessir félagsmenn mættu með umboð.

Brynjólfur Jóhannesson með umboð frá [illegible]

Brynjólfur Jóhannesson með umboð frá Pétri Péturssyni
Kristinn Thorberg " " " Indriða Einarssyni
sama " " " Mörthu Indriðadóttur
Hallgrímur Bachmann " " " Gunnþ. Halldórsdóttur
Haraldur Björnsson " " " Ingibj. Bachmann
sama " " " Sigurð Guðnasyni
Valur Gíslason " " " Gunnari Möller

Ritari les upp fundargjörðir síðasta fundar, sem voru samþ. með öllum greiddum atkvæðum.-

Þá skýrði formaður lauslega frá störfum leikárið 1936-37.- Á leikárinu voru leikin 6 leikrit.- Síðan les formaður endurskoðaðan reikning félagsins.-

Rekstrarreikningur sýndi netto hagnað á árinu Kr. 967.81: Á efnahagsreikningi námu skuldir samtals Kr. 35.551.82, þar af til félagsmanna Kr. 14.158.03 en til utanfélagsmanna Kr. 15.738.40,- víxlar námu Kr. 3840.00 og ógreiddur skemmtanaskattur Kr. 1815.39.- Bókfærðar eignir:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án afskrifta, svo sem áhöld, tjöld, búninga, handrit o.fl. nema Kr. 20.469.47 - Útistandandi skuldir Kr. 1449.90

Reikningurinn var samþ. með samhlj. atkvæðum. Sömuleiðis var samþ. reikningur fjelagsins fyrir árið -35-36

Þá var kosin stjórn:

Formaður: var kosinn Ragnar E. Kvaran með 21 atkv.
Ritari : : : Brynjólfur Jóhannesson : 15 :
Gjaldkeri : : : Hallgrímur Bachmann : 24 :

Í varastjórn:

Varaformaður Gestur Pálsson
" ritari Emelía Borg
" gjaldkeri Arndís Björnsdóttir

Endurskoðendur:

Jakob Möller og stjórninni falið að semja við löggiltan endurskoðanda.-

Leikritavalsnefnd:

Indriði Waage og Þorsteinn Ö. Stephensen

Lagabreytingar lágu engar fyrir fundinum.-

Þá voru teknar til umræðu tillögur Hjörl. Hjörleifssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjörleifur Hjörleifsson hefði sent stjórn L.R. áður tillögur til fundarsamþ. ásamt greinargerðum, og hefði stjórnin látið fjölrita þær og sent til félagsmanna.

Fyrst var tekin til umræðu svohlj. tillaga:

„Aðalfundur L.R. samþykkir að stofna sjóð í því skyni að reisa einstökum framúrskarandi leikurum og leikkonum í Reykjavík, minnisvarða í Þjóðleikhúsinu, þannig að minning þeirra, sem fremst hafa staðið í leiklistinni á hverjum tíma, geymist, og sem viðurkenning fyrir starf þeirra.–"

Nokkrar umræður urðu um tillögu þessa, en að lokum var samþ. „að fela stjórn L.R. að leita samvinnu við Þjóðleikhúsráð og ríkisstjórn um að hlutast til um að slíkir minjagripir, sem um ræðir í tillögu Hj. Hjörl. verði komið (~~fyrir~~) upp í Þjóðleikhúsinu þegar það tekur til starfa!"– Samþ. með samhljóða atkvæðum.–

Í þessu sambandi skal þess getið að fundinum hefði borist bréf frá Indriða Einarssyni þar, sem hann telur sig mótfallinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að setja upp myndir í Þjóðlíkhúsinu er virðist alveg tilgangslaust að vera að ræða um slíkt nú, því að óvíst væri hvenær lokið yrði við bygginguna.- En í bréfi þessu benti hann einnig á, að magister Stefán Einarsson í Baltimore, Maryland hefði í hyggju að skrifa sögu Líkf. Rvíkur.-

Þá var tekin til umræðu svohlj. tillaga frá Hj. Þórleifssyni: "Aðalfundur L.R. samþykkir, að nú þegar skuli hafist handa um að safna saman öllum skilríkjum er varða starfsemi félagsins frá upphafi, svo sem: Gerðabókum, myndum úr líkfylgingum, myndum af líkvögnum og starfsmönnum, líkskrám, blaðadómum um líkfylgingar og önnur blaðaskrif varðandi starfsemi félagsins eða einstaka líkvera, svo og öðru því er talist geti vísir að líkhússafni eða gæti haft fræðilega þýðingu fyrir nemendur eða gesti úr öðrum (~~úr öðrum~~) héruðum landsins, er væntanlega, síðar, munu vilja kynna sér líkstarfsemi hér í bænum, og jafnframt verið til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leiðbeiningar þeim, er síðar kunna að skrifa sögu
hins íslenska leikhúss.-

Skal þessu þannig ráðið niður að greiður sé aðgangur að því, og jafnframt svo fyrir komið að það sé varið skemdum.- Skal þetta geymt og aukið meðan L.R. starfar, en er Þjóðleikhúsið tekur til starfa, skal það afhent, stjórn þess til varðveislu og afnota í Þjóðleikhúsinu ævarandi sem gjöf frá L.R., eða gegn hæfilegu gjaldi.- Stjórn félagsins heimilast að nota nokkuð fé til þessa, ef með þarf."

Litlar umræður urðu um þessa tillögu og var hún samþ. í einu hljóði og stjórninni falið að annast málið.-

Þeir Hallgrímur Bachmann og Bjarni Guðmundsson lögðu svohlj. tillögu fyrir fundinn:

" Leggjum til að tjöld, búningar eða leikrit Leikfélags Reykjavíkur séu aðeins lánuð með því að greiðsla eða trygging fyrir greiðslu ef skemdum liggi fyrir.- Og að fyrir öll slík lán sé tekin einhver greiðsla".-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga þessi var samþ. eftir nokkrar umræður en breytingartillaga Hj. Hjörleifssonar fékk; hún hljóðar svo: „Fundurinn skorar á stjórnina að sjá um að trygging fáist fyrir því að félagið verði ~~[illegible]~~ fyrir skaða af láni á eignum félagsins.“ –

Þá kvaddi Hallgrímur Bachmann sér hljóðs og þakkaði félagsmönnum og öðrum viðskiftamönnum L.R. fyrir auðsýnda vináttu og lipurð sér sýnda, sem gjaldkera. –

Að lokum tók Ragnar E. Kvaran til máls og sagði að stjórnin myndi hlutast til um að velja leikrit fyrir veturinn nógu snemma, og að sem flestir fengju hlutverk, – þakkaði gott samstarf og vonaði að L.R. mætti eiga bjarta framtíð. –

Þar sem ekki lá fleira fyrir fundinum var honum slitið og var þá kl. $11^{15}$. –

Ragnar E. Kvaran

Brynjólfur Jóhannesson.
(ritari)

## Fjelagaskrá

## LEIKFJELAGS REYKJAVÍKUR

júní 1937

--o--

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Aðalsteinn Friðfinnsson | 1926 |
| 2. | Alfreð Andrjesson | 1933 |
| 3. | Anna Guðmundsdóttir | 1933 |
| 4. | Arndís Björnsdóttir | 1926 |
| 5. | Baldur Sveinsson | 1928 |
| 6. | Bjarni Guðnason | 1935 |
| 7. | Bjarni Björnsson | 1933 |
| 8. | Brynjólfur Jóhannesson | 1926 |
| 9. | Einar Björnsson | 1901 |
| 10. | Einar H. Kvaran | 1901 |
| 11. | Emil Thoroddsen | 1928 |
| 12. | Emelia Indriðadóttir | 1926 |
| 13. | Emélia Borg | 1933 |
| 14. | Freymóður Jóhannsson | 1930 |
| 15. | Friðfinnur Guðjónsson | 1897 |
| 16. | Gestur Pálsson | 1935 |
| 17. | Guðrún Indriðadóttir | 1905 |
| 18. | Gunnar Möller | 1935 |
| 19. | Gunnþórunn Halldórsd. | 1897 |
| 20. | Hafliði Bjarnason | 1935 |
| 21. | Hallgr. Bachmann | 1935 |
| 22. | Haraldur Björnsson | 1930 |
| 23. | Haraldur Á. Sigurðsson | 1926 |
| 24. | Helgi Guðmundsson | 1935 |
| 25. | Helgi Helgason | 1901 |
| 26. | Hjörleifur Hjörleifsson | 1930 |
| 27. | Hjörtur Björnsson | 1934 |
| 28. | Indriði Einarsson | 1897 |
| 29. | Indriði Waage | 1925 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 30. | Ingibjörg Bachmann | 1930 |
| 31. | Jens B. Waage | 1901 |
| 32. | Jakob Möller | 1913 |
| 33. | Jón Leós | 1934 |
| 34. | Jón Aðils | 1935 |
| 35. | Kristín Thorberg | 1934 |
| 36. | Magnea Sigurðsson | 1934 |
| 37. | Martha Indriðadóttir | 1926 |
| 38. | Lárus Sigurbjörnsson | 1930 |
| 39. | Ólafur Þorgrímsson | 1930 |
| 40. | Páll Steingrímsson | 1908 |
| 41. | Sig. Guðnason | 1935 |
| 42. | Soffía Guðlaugsdóttir | 1922 |
| 43. | Sólveig Eyjólfsdóttir | 1930 |
| 44. | Valdemar Helgason | 1933 |
| 45. | Valur Gíslason | 1928 |
| 46. | Þóra Borg | 1928 |
| 47. | Þorst. Ö. Stephensen | 1935 |
| 48. | Lárus Ingólfsson | |
| 49. | Hildur Kalmann | |
| 50. | Pétur Pétursson | |
| 51. | Ragna Björnsdóttir | |
| 52. | Ingibjörg Steinsdóttir | |
| 53. | Regína Þórðardóttir | |
| 54. | Kristinn Kristjánsson | |
| 55. | Ragnar E. Kvaran | |
| 56. | H. F. Berndsen | |
| 57. | P. Á. Jónsson | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1938 14. júlí kl. 8½ var haldinn Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó uppi.- Fundur hafði verið boðaður 8. júlí en gat ekki orðið þar sem aðeins 19 félagar mættu.-

Fundarefni utan dagskrár:

I a. Minnst látins heiðursfélaga.

b. " " Steffensens.

II Inntökubeiðnir:

III Úrskurða úrsögn frá B. Sveinssyni

IV Úrskurða mál stkr. og umboð.-

Aðalfundarefni:

1. Ritari les upp fundargjörð.-
2. Formaður skýrir frá störfum s.l. á.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
4. a. Kosin stjórn.
   b. " Varastjórn
   c. Kosnir 2 endurskoðendur.
   d. " 2 menn í leikritavalsnefnd
5. Lagabreitingar
6. Önnur mál:

Nýr heiðursfélagi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar formaður hafði sett fund kvaddi Brynjólfur Jóhannesson sér hljóðs og minntist með nokkrum orðum hr. Einars H. Kvaran rithöfundar, sem látist hafði á þessu ári og bað að lokum fundarmenn að standa upp.– Sömuleiðis minntist hann fyrverandi heiðurs félagsins hr. Aðalbjörns Stefánssonar prentara og minntust fundarmenn hans einnig með því að standa upp.–

Á fundi voru mættir 15 félagsmenn en hr. Valur Gíslason mætti með umboð frá Indriða Waage og Emil Thoroddsen og voru þau úrskurðuð gild.–

Þá var tekin fyrir úrsögn frá hr. Valdi Sölvasyni, sem stjórninni hafði borist í hendur þann 19/1-38.– Úrsögnin var tekin gild.–

Ritari las upp fundargjörð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Formaður tók því næst til máls og skýrði frá störfum félagsins síðastliðið leikár.–

Á leikárinu höfðu verið leikin 6 leikrit þrátt fyrir mikla samkeppni þar sem voru Hljómsveit Reykjavíkur með „Bláa kápan“ og h. f.

Reykjavíkur annáll með „Fornar dyggðir“.

Fyrsta leikritið var „Hvílíkur þvættingur“, sem var leikinn fram undir jól. Þá var jólaleikritið söngleikurinn „Liljur vallarins“, þarnæst „Fyrirvinnan“ þá „Skírn, sem segir sex“ og loks merkasti atburðurinn á leikárinu ~~[illegible]~~ var heimsókn frú Önnu Borg-Reumert og hr. Poul Reumert, sem léku með félaginu tvö leikrit, en það voru leikritin „Það er kominn dagur“ og „Tovaritsch“.–

Í því sambandi lagði stjórnin til að svohljóðandi símskeyti yrði sent þeim hjónunum: „Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur haldinn 14. júlí sendir yður kveðjur sínar með miklu þakklæti fyrir heimsóknina“.– Þetta var samþykkt í einu hljóði.–

Að þessu loknu las formaður upp endurskoðaðan reikning félagsins.

Rekstrarreikningur sýndi nettó hagnað á árinu kr. 12.094.61 og er það mesti hagnaður, sem orðið hefir á starfsemi L. R. á einu ári.–

Þess skal getið að allur hagnaður af sýningum félagsins með Reumert-hjónunum rann í sérstakan sjóð, sem á að [illegible] Þjóðleikhúsinu.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Úr efnahagsreikningi nema skuldir kr. 27.806.11 þar af til fjelagsmanna kr. 10.120.99 en til utan-fjelagsmanna kr. 13.922.12.- Víxlar kr. 2980.00, ógreiddir skemtanaskattar kr. 1541.60 og ógreiddur ýmisl. kostnaður kr. 241.40.-

Bókfærðar eignir nema samtals kr. 26.268.27.- Skuldir umfram eignir þr. 1/7-38 eru því samkvæmt efnahagsreikningi kr. 1.537.84.-

Öll tjöld, húsgögn, búningar, handrit, bækur og myndir, sem keypt hefði verið á árinu var afskrifað og nam það samtals kr. 7753.00.-

Á árinu hefir verið greitt af skuldum, en hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldheimtumenn fyrir 1/7-36 innanfjelags: | kr. | 1.482.86 |
| " " 1/7-36 utanfjelags: | " | 2.530.43 |
| " eftir 1/7-36 innanfjelags: | " | 2.554.18 |
| " " 1/7-36 utanfjelags: | " | 275.85 |
| Samtals | kr. | 6.843.32 |
| Greitt af víxlum | " | 860.- |
| Samtals greitt af skuldum fyrra ári | " | 7.703.32 |

Þá hefði verið keyptur á árinu nýr mjög vandaður ljóskastari fyrir kr. 2000.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

x Ræða hr. Hallgríms Bachmanns gjaldkera á aðalfundi 14/7-38.

Um leið og við sem farið höfum með stjórn Leikfjelags Reykjavíkur tvö síðastliðin leikár skilum af okkur skýrslum um störf og afkomu fjelagsins á leikári 37-38 vildi jeg nota tækifærið til að segja við ykkur fjelagar nokkur orð.

Starf leikfjelagsins hefir tvær sjálfstæðar greinar frá sama athafnastaðnum sem eru hin menningarlega - listræna fræðslustarf og fjárhags-rekstrar starf.

Um hina fyrtöldu listrænu grein vitið þið jafnóðum venjulega mikið bæði af ~~sjón~~ því er þið sjálf hafið sjeð og heyrt um. Hún hefir þann eiginleika að hún virðist skifta lit og gildi eftir því hvernig er horft á hana.

Menn geta deilt um hvað sje fagurt hvað sje mentandi og fræðandi um það er enginn mælikvarði sem allir hlýti að læra eins heldur fer það mest eftir víðsýni og skilningi hvers eins er um það vill dæma. Sem vegna þess að langmestur fjöldi þess fólks er kemur í leikhús kemur þangað aðallega til að skemta sjer hafa flest leikhús tekið þann kostinn að fara svipað að og

A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

móðinn er gaf hann ~~sýnu~~ sykursmola
til að það taki inn meðalið, að sýna
hættlega leiki með kjarnanum og fróðleikinn
[illegible] þar í svo að þynna <u>smá</u>
hanna af þeim er hafa skilning til þess
og vilja. Margir af þeim er skrifa og
tala um leiksýningar hafa gjörtakar
köllun til að dæma þessa tegund leikrita
frekar óvingjarnlega vegna þess að áhorfendur
horfi aðeins á og heyri gamnið í þeim en
ekki það sem einhvers virði er, en fjöldi
sem er hinn æðsti dómari í þessu vill
hafa „sykursmolann" hvað sem er með
meðalið ~~þessvegna~~ en að það sje með
er oft mikið og vandasamt starf stjórnar
hvers leikfjelags.
Heiðann þungann og ábyrgðina af þessari
grein hafa þeir borið nær eingöngu
þó með aðstoð leikritavalsnefndar, formaður
og ritari Leikfjelags Reykjavíkur
~~Hin greinin~~ og veit jeg að í heildinni
eruð þjer mjer sammála um að það hafi
tekist með sóma
Hin greinin sem er meir jarðnesk
þar sem hún beint er mælanleg með
tölum hvað viðvíkur rekstri og fjár-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fraga. hef jeg haft vegna starfa minna við leikfjelagið að mestu ítök í
Á árinu 1936 starfaði jeg að og flutti á aðalfundi ýmsar tillögur til að fjelagið gæti fjárhagslega átt tilverurjett
síðan hef jeg í tvö leikár fengið að reyna hvernig þær [illegible] gefa í verkinu
Jeg hef fengið á þessum árum tæki-færi til að kynnast mjög vel að þessu leyti flestum viðskiftamönnum fjelagsins bæði utan fjelags og innan og hef jeg undantekningarlaust hjá þeim orðið var við velvilja og skilning á þeirri viðleitni að gera fjelagið fjárhagslega lífvænt útávið vil jeg því hjermeð tjá þeim mínar bestu þakkir
Bæjarstjórn Reykjavíkur og fjárveitinga-nefnd Alþingis eiga einnig skilið bestu þakkir fyrir að hafa svo ríflega veitt þessari menningarstofnun styrk. fjárhagslegan til að geta starfað og unnið sig upp.
Leikarar allir starfsmenn og stjórn þökkuðu ~~og~~ möglunarlaust sín lágu laun til að geta unnið að þessu sínu áhuga máli, þetta hlaut að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að skapa samúð og virðingu fyrir
fjelaginu sem heild útávið þeim
er einnig að nokkru launað með því
að árangur sjáist af þeim fórnfýsi
En hvað viðvíkur fjárhagsafkomu
þessa árs ber síðast en ekki síst
að þakka þeim tveim meðlimum fjelagsins
sem að „riðu á vaðið" með að bjóða sína
ágætu aðstoð (endurgjaldslaust) við „[illegible]" leiksýningar
„Þorláks þreytta" sem með þeirra góða
tilstyrk varð fjelaginu styrkur sem að
meðaltali nær þeirri upphæð að jafnast
á við styrk Bæjarsjóðs eða ríkissjóðs
Jeg veit að yður er öllum kunnugt
að þessi tveir meðlimir eru Magnea
Jóhannsdóttir og Har. Á. Sigurðsson
Til að sýna vott þess að við munum
eftir þeim vildi jeg mega ~~ber~~ koma með
þá tillögu að þeim væri báðum sent
Símskeyti, með þökk, frá aðalfundi
Leikfjelagsins nú í kvöld

Aðgöngumiðasala nam á árinu Kr. 43.915.00 fyrir utan sýningar með Reumert-hjónunum.-

Reikningar félagsins voru síðan samþykktir með samhljóða atkvæðum.-

Þá tók til máls gjaldkeri félagsins hr. Hallgrímur Bachmann.- Talaði hann í við og dreif um starfsemi félagsins, minningarsjóð, grafreitssjóð, leikritasjóð og fjárhagsafkomu þess.- X (sjá meðf. ræðu)

Formaður talaði því næst um það hvað gleðilegt það væri að nú væru viðskiftamenn félagsins óðum farnir að bera traust til þess og líta á L.R., sem heiðarlegan viðskiftaaðila en á það hefði nokkuð vantað síðastliðin ár.- Hann minntist og þess að þau hjónin Magnea Jóhannsdóttir og Haraldur Á. Sigurðsson hefðu sýnt félaginu þá vinsemd að starfa með því í „Þorlákur þreytti" án nokkurs endurgjalds og hefði það meðal annars átt sinn þátt í því hvað fjárhagur félagsins hefði skánað mikið.- Þá var samþ. tillaga frá Hallgrími Bachmann um að senda þeim hjónunum skeyti upp í Borgarfjörð þar sem þau dvelja nú

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Litlu-Drageyri í Skorradal, svohljóðandi:
„Aðalfundur Leikf. Reykjav. 14. júlí sendir kveðjur sínar og þakklæti fyrir stuðning við félagið í síðasta leikári“

Þá fór fram stjórnarkosning og var stjórnin öll endurkosin.

Ragnar E. Kvaran form. með 16 atkv.
Brynjólfur Jóhannesson ritari „ 15 atkv.
Hallgrímur Bachmann gjaldkeri „ 16 atkv.

Varastjórn var og endurkosin:
Gestur Pálsson varaform. Emilía Borg vararitari og Arndís Björnsdóttir varagjaldkeri.

Endurskoðandi félagsins var endurkosinn hr. Jakob Möller og stjórninni falið að semja við sama löggilta endurskoðanda og áður hefir, Endurskoðunarskrifstofu N. Manscher & Co.“

Leikritavalsnefnd:
Áður en kosning fór fram í leikritavalsnefnd sagðist formaður líta svo á að nefnd þessi ætti ekki einungis að samþykkja leikrit þau, sem stjórnin legði fyr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að tekin væri til meðferðar heldur ætti hún líka að leggja fram leikrit til athugunar, en svo hefði ekki verið nema um hr. Indriða Waage, hann hefði lagt fram mörg góð leikrit.-

Í nefnding voru síðan kosnir þeir Indriði Waage og Valur Gíslason:

Þá kvaddi Valur Gíslason sér hljóðs og sagðist vilja stinga því að fundinum að sjálfsagt væri að þakka I.W. fyrir öll þau leikrit, sem hann hefði útvegað L.R. í undanförnum árum án nokkurs endurgjalds.-

Svohljóðandi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.- "Fundurinn vottar Indriða Waage þakklæti sitt fyrir það starf, sem hann hefir lagt fram við leikritaval fyrir Leikfélag Reykjavíkur".-

Formaður vakti athygli á því að aðalfundur ætti að ákveða laun stjórnarinnar, og var samþykkt tillaga frá Brynjólfi Jóhannessyni að hækka kaup gjaldkera fyrir bókfærslu um 5-hundr-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krónur fyrir hvert leikkvöld.- Að öðru leiti var samþykkt að greiða 30-þrjátíu-krónur í stjórnarkostnað fyrir hvert leikkvöld, eins og verið hefir tvö undanfarin ár.-

Samkvæmt 15. gr. laga samþ. fundurinn að kaup leikara og starfsfólks héldist óbreitt næsta leikár.-

Stjórnin lagði til að frk. Gunnþórunni Halldórsdóttur sem er eins af stofnendum L.R. og 40 ára leikari væri kjörin heiðursfélagi, og var það samþykkt í einu hljóði.-

Frk. Emilía Borg ber L.R. bestu kveðjur frá frú Önnu Borg og hr. Poul Reumert, sem nú eru á ferðalagi í Þýskalandi

Að lokum þakkaði formaður félagsmönnum fyrir góða samvinnu síðastliðið leikár og sagði að stjórnin myndi nú strax næstu daga byrja undirbúning undir veturinn með því, ásamt leikritavalsnefnd, að velja nokkur leikrit, og að sjálfsögðu myndi stjórnin reyna að hlutast til um að sem flestir fengju hlutverk á næsta leikári.- Hann sagðist og vona að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við hittumst öll heil í haust og sleit síðan fundi kl. 10¼ þar sem ekkert sérstakt lá fyrir.-

Ragnar E. Kvaran
formaður

Brynjólfur Jóhannesson
ritari.-

Árið 1939 hinn 13. júlí kl. 8½ e.h. var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó uppi.

Fundur hafði verið boðaður þ. 10/7, en gat ekki orðið þareð aðeins 6 félagar mættu.-

Fundarefni utan dagskrár:

1. a. Minnst látinna heiðursfélaga: Indriða Einarsson og Jens B. Waage
   b. " látins félaga: frk. Emilíu Indriðadóttur.-
2. Inntökubeiðnir
3. Úrskurðar ákvæða samkv. umboðinu.-

Aðalfundarefni

1. Ritari les upp fundarg. síðasta fundar.
2. Formaður skýrir frá störfum s.l. ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.-
4.a Kosin stjórn.
b. " varastjórn
c. Kosnir 2 endurskoðendur
d. " 2 menn í leikritavalsnefnd
5. Lagabreitingar
6. Önnur mál.-

Formaður setti fundinn kl. 8½ og mintist þess að óvenjulega stórt skarð hefði nú verið höggvið í félagatölu vora þar sem frá voru fallnir 3 merkir félagar.- Hann mintist fyrst Indriða Einarssonar, rithöfundar, sem dveg sérstaklega mikils áhugamanns fyrir íslenskri leiklist, en talaði þó sérstaklega um hann sem mikilsvirtan leikritahöfund og þýðanda erlendra leikrita.- Þá mintist hann Jens B. Waage og þakkaði hans frábæru störf í þágu félagsins og íslenskrar leiklistar og þá ekki minst brautryðjandastarf hans á þessari grein.- Síðan mintist formaður frk. Emilíu Indriðadóttur leikkonu og þakkaði henni mikla starf, sem hún hefði lagt fram til eflingar félagsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokum bað formaður alla fundarmenn að standa upp til heiðurs þessum þremur látnu félögum, og var það gjört.-

Á fundi voru mættir 18 félagar en 4 mættu með umboð:

Kristófer Jóhannesson m. með umboð frá Pétri Péturssyni
Helgi Gíslason " " " Indriða Waage
Hafliði Bjarnason " " " Ingibjörgu Beckmann
Kristinn Thorberg " " " Mörthu Indriðadóttir

Öll þessi umboð voru úrskurðuð gild með öllum greiddum atkvæðum.-

Þá var borin upp inntökubeiðni frá Ævari R. Kvaran og var hann samþ. meðlimur með öllum gr. atkv.

Síðan las ritari fundargerð síðasta aðalfundar.-

Lárus Sigurbjörnsson óskaði að eftirfarandi væri bókað: „Í sambandi við fundargjörð beindi Lárus Sigurbjörnsson þeirri spurningu til formanns hvort rétt væri bókað ummæli hans um „óheiðarleg viðskifti“ félagsins við ýmsa kaupsýslumenn síðar en starfsemi hófst á þessu ári, en nú væri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

breyting í henni".-

Formaður svaraði að þetta væri rétt bókað og að hann hefði orðið var við það hjá Kaupsýslumönnum að það væri vöntun í að L.R. gæti talist heiðarlegur viðskiftavinur þar sem það hefði ekki staðið við loforð sín.-

Óskaði þá Lárus Sigurbjörnsson bókað:,, að samkvæmt upplýsingum formanns hefði breytingin til batnaðar hafist eftir að aðalfundarsamþykkt 1936 um samninga við skuldunauta kom til framkvæmda".-

Að þessum orðaskiftum, milli L.S. og formanns, loknum var fundargjörð síðasta aðalfundar samþykt með öllum greiddum atkvæðum.-

Þá skýrði formaður frá störfum s.l. ár, og hóf hann mál sitt með því að biðja afsökunar á því hvað hann hefði lítið getað starfað með félaginu s.l. ár, sem orsakast hefði bæði af veru hans utanlands og vegna veikinda.

Á starfsárinu höfðu verið sýnd 7 leikrit og eitt barnaleikrit:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. „Fínt fólk", 2. „Návígi" 3. „Þorlákur þreytti" 4. „Fróði", sem var jólaleikritið, 5. „Flettuð reipi úr sandi" 6. „Herra Kráki" 7. „Tengdapabbi" og loks barnaleikritið „Þyrnirósa".—

Alls höfðu verið á árinu 58 leiksýningar.— Fjórum sýningum varð að aflýsa á árinu.—

Þá sneri formaður sér að fjárhagsafkomu félagsins og las upp endurskoðaðan reikning félags-.

Rekstrarreikningur sýndi nettó hagnað á árinu Kr. 3.74.—

Á efnahagsreikningi nema skuldir Kr. 25.964.74

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þar af til félagsmanna: Skuldabréfum | fyrir 1/7-36 | Kr. | 9.168.64 |
| " | eftir 1/7-36 | " | 1.513.05 |
| | | Kr. | 10.681.69 |
| Til utanfélagsmanna: Skuldabréfum | fyrir 1/7-36 | Kr. | 10.624.20 |
| " | eftir 1/7-36 | " | 146.50 |
| | | Kr. | 10.770.70 |

Víxilskuldir í bönkum Kr. 2.320.— og ógreiddur skemmtanaskattur Kr. 2192.35.—

Bókfærðar eignir nema samtals Kr. 24.430.64

Skuldir umfram eignir pr. 1/7-39 eru því samkv. efnahagsreikn.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kr. 1.534.10.- Öll tjöld, húsgögn, búningar, handrit, bækur og myndir, sem keypt hefði verið á árinu var afskrifað og nam það samtals Kr. 7.179.50

Á árinu hefir verið greitt af skuldum, sem hér segir: Skuldheimtumanna fyrir 1/7-36: Utanfélags Kr. 1.141.42

| | | |
|---|---|---|
| | Af víxlum | 660.00 |
| | Samtals Kr. | 1.841.42 |
| Af skuldum til innanfélagsmanna fyrir 1/7-36 | | 397.35 |
| eftirgefið af Hallgrími Bachmann (skuld fyrir 1/7-36) 500.00 afskrifaðar gamlar skuldir 45.- | | 545.00 |
| | Skuldalækkun samtals Kr. | 2.783.77 |

Aftur á móti höfðu skuldir til innanfélagsmanna eftir 1/7-36 aukist um kr. 1.503.05.- Hin raunverulega skuldalækkun er því á árinu Kr. 1280.72.-

Aðgöngumiðasala nam Kr. 30.447.51

Út af afskriftum á keyptum munum til félagsins spunnust nokkrar umræður.- Lárus Sigurbjörnsson taldi um það að varhugavert væri að afskrifa jafnmikið á einu ári eins og nú og á síðastliðnu ári hefði átt sér stað.- Áður hefði venjulega verið afskrifað frá 10-20 alt að 50%.-

Formaður og gjaldkeri töldu aftur á móti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

als ekki verhugavert að afskrifa alt sem keypt væri, og sagði gjaldkeri að hann teldi betra fyrir félagið að það sýndist minna fjárhagslega en það í raun og veru væri.-

Lárus Sigurbjörnsson lagði þá fram svohljóðandi tillögu. „Aðalfundur L.R. lítur svo á, að þó að afskrifaðar hafi verið nýjar eignir að fullu í efnahagsreikningi 1938/39 þá beri framvegis að afskrifa eignir félagsins, nýjar og gamlar, eftir föstum reglum, og felur aðalfundur stjórn félagsins að semja þær reglur í samráði við endurskoðendur félagsins".-

Hallgrímur Bachmann lagði þá fram svohljóðandi breytingartillögu: „Aðalfundur L.R. lítur svo á að rétt sé að stjórn þess hafi leyfi til að láta afskrifa það sem keypt er á leiksviðinu af búningum, tjöldum, handritum o.fl., þar til að efnahagur félagsins er orðinn viðunanlegur".-

Þessi breytingartillaga H. Bachm. var samþykkt með 8 atkv. gegn 4.-

Eftir þessar umræður var reikningurinn samþ. með samhlj.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atkvæðum.-

Þá kvaddi sér hljóðs Frk. Þóra Borg og gat þess að sér væri kunnugt um að illa hefði verið farið með ýmsa búninga félagsins, þeir lánaðir og síðan skilað aftur í mjög slæmu ásigkomulagi, og að búningar félagsins væru innanum búninga Þjóðleikhússjóðsins.- Hún lagði síðan fram svohlj. ~~tillögu~~ ályktun: „Félagið ályktar að taka í sínar eigin hendur vörslu búninga og annara eigna, nema leiktjöld, sem hingað til hafa verið undir sömu umsjón og munir Þjóðleikhússjóðs."-

Skipaður sé umsjónarmaður með þessum eignum og settar reglur um útlán og breytingar í samráði við stjórn félagsins."-

Fundarályktun þessi var samþ. með samhljóða atkvæðum.-

Gestur Pálsson lagði fyrir fundinn svohlj. tillögu:- „Aðalfundur L.R. leggur til að á næsta starfsári verði framkvæmt mat á öllum eignum félagsins miðað við notagildi eignanna fyrir starfandi leikfélög."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir nokkrar umræður var tillaga þessi feld með 6 atkv. gegn 2.–

Þar næst fór fram stjórnarkosning:

Kosningu hlutu:

Formaður, Ragnar E. Kvaran með 16 atkv. (6 auðir)
Ritari, Brynjólfur Jóhannesson " 19 " (3 auðir)
Gjaldkeri, Hallgrímur Bachmann " 18 " (4 auðir)

Varastjórn:

Varaform. Gestur Pálsson
Varritari, Emelía Borg
Vargjaldkeri, Arndís Björnsdóttir

Öll samþ. með samhlj. atkvæðum.–

Endurskoðendur:

Sigurður Guðmundsson, og stjórn félagsins var falið að semja við löggiltan endurskoðanda.–

Leikritavalsnefnd:

Indriði Waage og Þorsteinn Stephensen.

Eftir kosningu í leikritavalsnefnd kvaddi Lárus Sigurbjörnsson sér hljóðs og taldi réttast að þessi nefnd fylgdist betur með starfi félagsins og taki þátt í stjórn þess að svo miklu leyti sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helgt er. - Hann taldi ekki heppilegt að utanliðsmaður væri í nefndinni. -

Ragnar E. Kvaran svaraði þessu og sagði, að það væri ekki í anda laganna að láta leikritavalsnefnd vera með í stjórnarstörfum enda segði 11. grein „Stjórnin annast leikritaval ásamt 2 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til þess starfs."

Þessu næst talaði Brynjólfur Jóhannesson nokkur orð um leikdómarana, og beindi máli sínu aðallega til Lárusar Sigurbjörnssonar sem í síðastliðnum vetri hefði verið leikdómari fyrir „Vísi". - Taldi Br. Jóh. það miður heppilegt af L. S. að gjörast leikdómari í félaginu þar sem hann væri fyrverandi form. þess og einn starfandi félagsmaður. -

Lárus svaraði þessu á þá leið að hann teldi sig ekki þurfa að leggja niður leikdómarastarf þetta þótt hann væri meðlimur L. R., enda hefðu aðrir fyrv. formenn [Stjórnar] gert slíkt hið sama. -

Kosin stjórnar, leikara og starfsfólks:

Jón Leós stakk upp á því að sama stjórnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagsins haldast óbreytt í næsta leikári.-

Tillagan var samþykt með samhljóða atkvæðum. Þá var stjórninni veitt heimild til að láta kaup leikara og starfsfólks haldast óbreytt.-

Önnur mál:

Þá tók til máls Lárus Sigurbjörnsson.- Hann taldi það mjög alvarlegt fyrir L.R. hvað margir af félagsmönnum hafa tekið þátt í annari leikstarfsemi. Hann sagði að þetta væri hættulegt, að það leiddi að eins góðar viðvörun gæti þetta orðið til þess að L.R. hefði ekki lengur forustuna í leiklistarmálum bæjarins.-

Ragnar E. Kvaran svaraði þessu á þá leið að honum þætti ekki heppilegt að banna mönnum að starfa hjá öðrum félögum þegar þeir hefðu ekkert að starfa hjá L.R.-

Brynjólfur Jóhannesson benti þá á að því miður væru til fleiri tilfelli þar sem félagsmenn hefðu annaðhvort neitað eða beðist undan að taka hlutverk í leikritum hjá L.R. vegna þess að þeir hefðu verið búnir að ráða sig hjá öðrum, svo sem „Revý“ og „Óperettu“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en að við það búið mátti ekki standa og vildi hann láta útiloka þá menn frá starfi hjá fjelaginu um tíma, sem þannig högudu sér í garð síns eigin fjelags.-

Eftir nokkurt þóf um þetta efni lagði Lárus Sigurbjörnsson fram svohljóðandi tillögu, sem var feld með 8 atkv. gegn 5:

„Aðalfundur samþykkir, að hver sá fjelagi, sem tekur þátt í leikstarfsemi utan fjelagsins gegn kaupi greiði 25% af kvöldkaupi sínu í fjelagssjóð, enda hafi hann fengið leyfi stjórnarinnar til þess að starfa utan fjelagsins.-

Lárus Sigurbjörnsson"

Um leikritaval á undanförnum árum urðu nokkrar umræður og komu fram mjög skiftar skoðanir um það hvort velja skyldi þung eða létt, stór eða smá verkefni til meðferðar.- Engar samþykktir voru gerðar í þessu efni.- Til máls tóku Ragnar E. Kvaran, Lárus Sigurbjörnsson, Valur Gíslason og Brynjólfur Jóhannesson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokum var nokkuð rætt um undirbúning undir tildrög að sögu L.R. og íslenskrar leiklistar og var stjórninni falið að athuga það mál.-

Þar sem ekkert fleira lá fyrir var fundi slitið kl. 12½ árd.

Gestur Pálsson

Brynjólfur Jóhannesson
ritari.

Árið 1940 hinn 26. Ágúst var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó uppi.-

Fundurinn gat ekki orðið fyrr þar sem almenn leiksýning á árinu var 3. júlí, og var því ekki hægt að ganga frá reikningum endurskoðuðum fyr en þetta.-

Fundarefni utan dagskrár:

1. Minnst látinna félaga: Mörthu Indriðadóttir, Ragnh. Ásgeirs.
2. Úrskurðar atkvæða samkv. umboðum
3. Inntökubeiðnir.-

Aðalfundarefni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar.
2. Formaður skýrir frá störfum s.l. ár
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
4. a. Kosin stjórn.
   b. " varastjórn
   c. Kosnir 2 endurskoðendur.
   d. " 2 menn í leikritavalsnefnd
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál:
   a. Laun stjórnar
   b. Laun ritara og starfsfólks
   c. Ýmislegt.-

Varaformaður félagsins hr. Gústav Pálsson, sem tók við formannsstörfum í starfsárinu er formaður Ragnar G. Kvaran féll frá, setti fundinn kl. 9 og minntist með nokkrum orðum þeirra frú Mörtu Indriðadóttur og Ragnars G. Kvaran, sem látist höfðu í starfsárinu. Hann þakkaði þeim mikið starf í þágu félagsins og bað félagsmenn að minnast þeirra með því að standa upp og var það gjört.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í fundarbyrjun voru mættir 28 félagar en seinna mættu 2 og 2 mættu með umboð:

Indriði Waage mætti með umboð frá Haraldi Á. Sigurðssyni
Hjörleifur Hjörleifsson " " " Soffíu Guðlaugsdóttur

Umboðin voru úrskurðuð gild.-

Þá voru lagðar fram inntökubeiðnir frá: frú Öldu Möller,[107] frk. Áróru Halldórsdóttur,[108] Gunnari Stefánssyni[109] og Vilhelm Norðfjörð,[110] sem öll hafa starfað hjá félaginu undanfarin ár, og frá Ragnari Magnússyni[111] sem hefir starfað hjá félaginu síð 1937 til 1940 og auk þess um 10 ára skeið hjá Leikfélagi Akureyrar.-

Þau voru öll samþykkt sem meðlimir með samhljóða atkvæðum.-

Þar að auki barst inntökubeiðni frá Sveini V. Stefánssyni, Upplýst en honum var synjað um inntöku vegna þess að hann hefir ekkert starfað hjá félaginu og er auk þess búsettur utanbæjar.-

Þá las ritari fundargjörð síðasta fundar og var hún samþ. með samhljóða atkv.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður skýrði þá frá störfum s.l. ár. –

Á leikárinu voru sýnd 6 leikrit: „Brimhljóð" 15 sinnum, „Á heimleið" 5 sinnum, „Sherlock Holmes" 10 sinnum, „Dauðinn nýtur lífsins" 14 sinnum, „Fjalla Eyvindur" 27 sinnum og „Stundum og stundum ekki" 29 sinnum alls 100 sýningar og er það mesti sýningafjöldi sem félagið hefir haft á einu leikári. –

Þá sneri formaður sér að fjárhagsafkomu félagsins og las upp undirskrifaðan reikning þess. –

Rekstrarreikningur sýndi nettó hagnað á árinu, Kr. 2514.76. –

Á efnahagsreikningi námu skuldir Kr. 28825.80

það er: Skuldheimtumenn fyrir 1/7-36: Innanfélags- Kr. 8.475.84
— " — eftir 1/7-36: — " — " 1.739.85
Kr. 10.215.69

Lækkun frá f. árinu Kr. 476.00

Skuldheimtumenn fyrir 1/7-36 Utanfélags. Kr. 9.638.24
— " — eftir 1/7-36 — " — " 362.00
Kr. 10.000.24

Lækkun frá f. ári Kr. 770.46

Víxilskuldir í bönkum Kr. 1.975.00

hækkun f. f. ári kr. 345.00. Ógreiddur skemtanaskattur kr. 6634.87.- Hækkun frá f. ári kr. 4442.52, sem stafar af hinni miklu sýningafjölda sem var frá 1/1-40 til 3/7-40.- Skemtanaskattur er greiddur einu sinni á ári, samkv. samkomulagi við tollstjóra, og er hann þá greiddur með ávísun á ríkisstyrkinn í árslok.-

Bókfærðar eignir nema samtals kr. 29.806.76 þar af sjóðseignir kr. 1.457.55 og ógreiddur styrkur frá Bæjarsjóð Reykjavíkur kr. 4.500.00.-

Í efnahagsreikningi kom því fyrir nýtt fyrirbrigði, sem ekki hefir komið fyrir í mörg ár, því þar var komin „Höfuðstólsreikningur", þrátt fyrir allar afskriftir, svohljóðandi:

| | |
|---|---|
| Nettóhagnaður samkv. rekstrarreikningi | kr. 2.514.76 |
| ÷ Rekstrahalli frá fyrri árum | ÷ 1.534.10 |
| Eignir umfram skuldir 1/7-40 | kr. 980.66 |

Öll tjöld, húsgögn, búningar, handrit, bækur og myndir, sem keypt var á árinu var afskrifað og nam það samtals kr. 12.105.60.- Aðrar afskriftir voru: 10% af 2000 kr. ljóskastara kr. 200.00 og útistandandi skuldir kr. 170.00.- Afskrifað samtals kr. 12.475.60

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og að framan getur hefir í árinu verið greitt af gömlum skuldum, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldheimtumenn: Innanfélags. | Kr. | 476.00 |
| — " — : Utanfélags | " | 770.46 |
| Afborgað af víxlum í bönkum | " | 345.00 |
| | Kr. | 1.591.46 |

Aðgöngumiðasala nam Kr. 77.650.35
Húsaleiga fyrir leiksýningar nam Kr. 15.385.00
Nettótekjur af leikskrá nam Kr. 2.184.97

Ríkisstyrkur var upphaflega áætlaður í fjárlögum Kr. 8.000.00, en af honum var greitt í árinu aðeins Kr. 6400.00. – Mismunur Kr. 1600.00 er 20% sem fjármálaráðherra hefir heimild til að halda eftir. – Það er þó ekki fyllilega ákveðið ennþá, samkvæmt samtali sem stjórn félagsins átti fyrir stuttu við fjármálaráðherra Jakob Möller, hvort félagið fær þessar Kr. 1600.00 greiddar eða ekki. –

Eftir örlitlar umræður um afskriftir, og nokkrar fyrirspurnir, var reikningurinn samþykktur með samhljóða atkvæðum. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá fór fram stjórnarkosning:

Formaður var kosinn Indriði Waage með 16 atkv.
Gestur Pálsson fékk 8 atkv. Þorst. Ö. Stephensen 5 atkv. Auðir seðl. 3
Ritari var kosinn Brynjólfur Jóhannesson með 26. atkv.
Gestur Pálsson fékk 2 atkv. Bjarni Björnsson 1 atkv. Auðir seðl. 3.
Gjaldkeri var kosinn Hallgrímur Bachmann með 26. atkv.
Freymóður Jóhannsson fékk 1 atkv. Þorst. Ö. Stephensen 1 atkv. Auðir seðl. 4.

Varastjórn:

Varaformaður: Valur Gíslason með 16 atkv.
Vararitari : Emilía Borg " samhlj. atkv.
Varagjaldkeri : Arndís Björnsdóttir " " "

Endurskoðendur:

Sigurður Guttormsson, og stjórninni falið að semja við löggiltan endurskoðanda.-

Leikritavalsnefnd: (sem starfar að leikritavali með stjórn félagsins)

Þóra Borg og
Þorsteinn Ö. Stephensen.-

Þá lagði stjórnin til að þrír félagsmenn yrðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kjörnir heiðursfélagar, þau: Frú Guðrún Indriðadóttir, Jakob Möller, fjármálaráðherra og Einar Björnsson, vegamálastjóri og var það samþykkt með samhljóða atkvæðum allra fundarmanna.-

Gestur Pálsson lagði tillögu fram um að sama stjórn héldist óbreytt á næsta starfsári og var það samþykkt með samhlj. atkvæðum.-

Nokkrar umræður urðu um það hvort laun leikara og starfsfólks skyldu hækka eða haldast óbreytt og lagði Lárus Sigurbjörnsson að lokum fram svohljóðandi tillögu sem var samþ. með samhlj. atkvæðum.- „Aðalfundur kýs þriggja manna gjaldskrárnefnd samkv. 15. gr. félagslaga.“

Í nefndina voru kosnir:
Hallgrímur Bachmann, Gestur Pálsson og Alfreð Andrésson.

Á fundinum lagði Freymóður Jóhannsson fram svohlj. bréf: „ Rvík. 20/8-40.- Þar sem ég hef dvalið að mestu erlendis árin 1936-39 og ekki haft neina atvinnu hjá Leikfélagi Reykjavíkur þessi ár, en hinsvegar greitt árstillög mín til félagsins fyrir sama tíma, leyfi ég mér að fara (~~fram~~) fram á það,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vera laus við að greiða árstillög mín til félagsins frá til leikársins 1941-42 að því ári meðtöldu. Virðingarfyllst: Freymóður Jóhannsson."

Eftir nokkrar umræður, sem allar hnigu í sömu átt, nefnilega, að ekki væri hægt, samkvæmt félagslögum, að veita slíka undanþágu enda gæti það skapað fordæmi, sem erfitt yrði að eiga við, þá var beiðni Freymóðs hafnað með 12 samhlj. atkv.-

Þá kvaddi sér hljóðs Haraldur Björnsson og talaði um, að þar sem ekki væri útlit fyrir að í nálægri framtíð væri hægt að fá hingað erlenda gesti frá norðurlöndum, hvort ekki væri athugandi fyrir Leikfél. að beita sér fyrir því að hingað yrði boðið vestur-íslenskum leikara á komandi vetri og þá fyrst, ef þetta gæti orðið, hr. Árna Sigurðssyni, leikstjóra í Winnipeg.- Sagði hann að Árni hefði starfað um margra ára skeið þar í borg, sem leikari og leiðbeinandi.- Síðan lagði Haraldur fram svohl. tillögu.

„ Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur 26. júní 1940 samþykkir að fela stjórn félagsins á vetri komandi að beita sér fyrir heimboði Árna Sigurðssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leikstjóra frá Winnipeg enda hefði stjórnin samvinnu við önnur félög, sem standa vildu að heimboðinu."
Rvík. 26/8.40 Lárus Sigurbjörnsson, Haraldur Björnsson. - "

Tillagan fékk ágætar viðtökur og var eftir litlar umræður samþykkt með samhljóða atkvæðum.-

Ævar R. Kvaran kvaddi sér þar næst hljóðs, og beindi orðum sínum til hinnar nýkjörnu stjórnar um að auka auglýsinga- og upplýsinga-starfsemi félagsins að mun, svo sem í útvarpi með erindum um leiklist o.þ.u.l., gera leikskrár betur úr garði, auka birtingar á myndum af leikurum í vikublöðunum og þess háttar.-

Að lokinni ræðu sinni lagði Ævar fram svohlj. tillögu. „Aðalfundur L.R. haldinn 26/8.40 samþykkir að stjórn félagsins sé falið, að fara þess á leit við útvarpsráð að leikf. Reykjavíkur fái umráð yfir nokkrum kvöldum í útvarpið, til þess að flytja erindi um leiklist og ýmsan fróðleik henni viðvíkjandi, í þeim tilgangi að útbreiða þekkingu á og áhuga fyrir leiklist almennt og íslenskri leiklist sérstaklega, meðal landsmanna."-

Þessi tillaga var samþ. í einu hljóði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá lögðu þeir fram í sameiningu, herra Sigurbjörnsson og Ævar R. Kvaran sameiginl. tillögu, sem herra Ævar fylgdi úr garði með nokkrum hugleiðingum um leikskrána.-

„Aðalfundur samþykkir að gefa út leikhúsblað sem fylgirit með leikendaskrá félagsins og kjósa ritstjóra að blaðinu nú þegar."

Þessi tillaga var nokkuð rædd og að lokum kom samhljóðandi breytingartillaga frá Val Gíslasyni.-

„Aðalfundur samþykkir að fela stjórn félagsins að athuga möguleika á því að breyta leikskrá félagsins í tímaritsform, og þá að ráða sérstakan ritstjóra við hana.-"

Breytingartillaga þessi var samþykkt með 14 atkv. gegn 2.-

Brynjólfur Jóhannesson vakti máls á því að á síðasta aðalfundi hefði verið samþ. að fela stjórninni að athuga undirbúning undir útgáfu sögu Leikfélags Reykjavíkur.- Benti hann á að hann hefði átt tal um þetta við herra Sigurbjörnsson, sem síðar hefði átt tal við einn stjórnarmeðlim Sögufélagsins „Ingólfur" hr. Georg Ólafsson bankastj. um væntanlegan stuðning þess félags um útgáfu slíks

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rits, þar sem það hefir áhuga fyrir öllu slíku er snertir lífið í Reykjavík bæði fyr og nú. - Hefði Jón Ólafsson ritið haldið vel í það mál.-

Haraldur Björnsson benti á að sagan þyrfti að ná lengra en til Reykjavíkur, heldur þyrfti hún að fjalla um leikstarfið um landið þvert og endilangt.-

Valur Gíslason vildi láta athuga möguleika á því hvort ekki væri hægt, ef leikskráin yrði breitt í tímaritsform, að birta, eða hefja verkið með því að birta leiksöguna í leikskránni.-

Eftir nokkrar umræður kom fram tillaga frá Brynj. Jóhannessyni svohlj.: „Með skírskotun til samþykktar aðalfundar 13/7-39 um að fela stjórninni að athuga undirbúning undir útgáfu að sögu L.R., vill aðalfundur haldinn 26/8-40 styðja að því að útgáfu leiklistarsögu Reykjavíkur sé hraðað og felur stjórninni enn á ný málið til athugunar."-

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.-

Þá lá ekki fleira fyrir fundinum og var honum því slitið.- (kl. 12.35)

Haage
form.

Brynjólfur Jóhannesson
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1941 hinn 8. september var haldinn aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó (uppi) kl. 8½.

Fundur hafði verið boðaður þann 2. sept. en varð ekki lögmætur þar sem aðeins mættu 27 meðlimir.-

Aðalfund var ekki hægt að boða fyr en þetta vegna þess að reikningar félagsins voru ekki tilbúnir,- meðal annars tafði það uppgjör reikninganna að farið var í leikför í júlímánuði með operettuna „Nitouche" til Akureyrar, Húsavíkur, Sauðárkróks og Blönduóss.-

Fundarefni utan dagskrár:

1. Minst látins félaga: Bjarna Guðmundssonar
2. Úrskurðar atkvæða samkvæmt umboðum
3. Inntökubeiðnir.-

Aðalfundarefni:

1. Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar.
2. Formaður skýrir frá störfum s.l. ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.-
4. a. Kosin stjórn
b. „ varastjórn
c. Kosnir 2 endurskoðendur
d. „ 2 menn í Útbreiðslunefnd.-
5. Lagabreytingar
6. Önnur mál:
a. Laun stjórnar
b. Laun læknis og starfsfólks.
c. Ýmislegt.-

Formaður Ind. Waage setti fundinn kl. 8 3/4.-

Samkv. ósk formanns minntist Brynj. Jóhannesson, Bjarna Guðnasonar, sem látist hefði á árinu og þakkaði hans mikla starf sem trésmiðs og sennumanns í fjölda mörg ár í þágu félagsins og bað menn að lokum að minnast hans með því að rísa úr sætum sínum, og var það gjört.-

Í fundarbyrjun voru mættir 16 félagar en síðar mættu 20 (með 3 innsækjendum)

og 2 mættu með 5 umboð.-

Indriði Waage: mætti með umboð frá Pétri Péturssyni
en hann mætti sjálfur síðar á fundinn
sami : mætti með umboð frá Jensi J. Möller
sami ; " " " " Har. Á. Sigurðssyni
Haraldur Björnsson : " " " " Jensínu Halldórsdóttur
sami " " " " Soffíu Guðlaugsdóttur.-

Þá voru lagðar fram inntökubeiðnir frá: frú Ólafíu G. Jónsdóttur [112], Eddu Kvaran [113], Lárusi Pálssyni [114] og Sigfúsi Halldórssyni [115],— og voru þau öll samþ. í einu hljóði.-

Fyrir hönd formanns skýrði ritari frá störfum á s.l. ári.-

Fyrst gat hann þess að félagið hefði verið svo heppið að fá nýjan starfskraft á árinu, sem vænta mætti mikils af í framtíðinni, en það var Lárus Pálsson, leikari, sem kom síðastliðið haust yfir Petsamo frá Danmörku þar sem hann hefði stundað nám á Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn og auk þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Starfað, þar, sem Gestur hætti.-

Á leikárinu voru sýnd 5 leikrit.- „Stundum og stundum ekki" var tekið upp aftur þann 3/10 og leikið 2 sinnum og auk þess 1 kvöld fyrir Rauða kross Íslands.- Þann 9/10 var frumsýning á „Loginn helgi" eftir W. Somerset Maugham og var hann sýndur als 18 sinnum.- Þá voru sýnder „Öldur" eftir séra Jakob Jónsson 6 sinnum.- Jólaleikritið var „Hái Þór" eftir Maxwell Anderson og var hann sýndur 9 sinnum.- Loks var svo „Á útleið", sem var sýnt, að þessu sinni 12 sinnum.- Síðasta sýning var 18/5-41.- Als eru þetta 47 sýningar.-

Þá hafði Leikfélagið samvinnu við Tónlistarfélagið um uppsetningu á operettunni „Nitouche" og var hún sýnd hér als í 40 kvöld og auk þess í júlímánuði 4 kvöld á Akureyri 2 á Húsavík 1 á Sauðárkróki og loks 1 á Blönduósi.-

Umsagnir um þessa operettu voru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

peninga sem eftir á gjörðí eða þess skildi skiftast til helminga.-

Þá skýrði ritari, einnig fyrir hönd stjórnar, reiknings félagsins og fjárhagsafkomu.-

Rekstrarreikningur sýndi nettótekjur á árinu Kr. 11.628.21.-

Á efnahagsreikningi námu skuldir als Kr. 19.584.86.

Þar af: Skuldheimtumenn fyrir 1/7-36: Innanfélags Kr. 7621.48
" eftir 1/7-36: —"— " 70.-
Kr. 7691.48

Lækkun frá f. ári Kr. 2524.21

Skuldheimtumenn fyrir 1/7-36: Utanfélags Kr. 8300.99
" eftir " : —"— " 190.00
Kr. 8490.00

Lækkun frá f. ári Kr. 1509.25

Þá eru víxilskuldir í bönkum Kr. 1.600.00

Lækkun frá f. ári Kr. 375.00

Ógreiddur skemtanaskattur Kr. 1.802.39

Lækkun frá f. ári Kr. 4.832.48

Skemtanaskattur er greiddur einu sinni á ári

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með öðrum, í ríkisstyrkinn.–

Bókfærðar eignir nema, samtals Kr. 32.193.73

Þar af sjóðbirgðir Kr. 2368.96

Ógreiddur bæjarstyrkur Kr. 6000.–

" ríkisstyrkur " 443.05

Kr. 6443.05

Nettohagnaður samkvæmt rekstrarreikningi

Kr. 11.628.21

Höfuðstóll 1/7-40 " 980.66

Kr. 12.608.87

sem er höfuðstólsreikningur 1/7-41.

Öll tjöld, húsgögn, búningar handrit, bækur og myndir, sem keypt var á árinu var afskrifað og nam það Kr. 7588.03

Aðrar afskriftir voru 10% af 2000 kr. ljóskastara Kr. 200.– og útistandandi skuldir Kr. 256.73.–

Eins og sjá framan getur hefir á árinu verið greitt af gömlum skuldum sem hér segir: Skuldheimtumönnum innanfélags Kr. 2524.21, skuldh. mönnum utanfélags Kr. 1509.25 og afborganir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á vöxtum Kr. 375.00 = Kr. 4.408.46 plus
mism. á skuldaskeyti ÷ 4.832.48
Als Kr. 9.240.94

Aðgöngumiðasala nam Kr. 39.167.58
Nettótekjur af leikskrá Kr. 1165.47

Ríkissjóður, sem þá hefði verið dæginn á árinu 1939-40 Kr. 1.600.00 var endurgreiddur.

Þá hefði tekjuafgangur í hlut L.R. af Nitouche orðið Kr. 5000.00

Er síðari hefði skýrt þá stjórnum og útskýrt reikninga félagsins spunnust um þá, og ýmislegt þeim óskylt óviðkomandi nokkrar umræður.—

Lárus Sigurbjörnsson ásakaði stjórnina fyrir að hafa gert samninga við Tónlistarfélagið án þess að bera hann undir félagsmenn. Í svipaðan streng tók Þorst. Ö. Stephensen.

Hallgrímur Bachmann og Brynjólfur Jóhannesson svöruðu þeim á þá leið að stjórnin hefði álitið þetta fyrirsjáanlegan hagnað, bæði fjárhagslega og frá listrænu sjónarmiði og þar

talið óþarft að bera slíkt undir fund.- Hjörleifur Hjörleifsson hélt því fram að stjórninni hefði verið algerlega óheimilt að gera samning við Tónlistarfélagið um uppsetningu á Operettu.-

Haraldur Björnsson gerði fyrirspurn um hvort 5000 kr. hagnaður af sýningum Nitouche, sem bókfærður væru í reikningum félagsins, væru fullnaðargreiðsla í hlut L.R.-

Pétur gaf þá skýringu að svo væri ekki því að reikningar operettunnar væru ekki að fullu gerðir upp, en hagnaður næmi meiri upphæð, félögin (Tónlistarfélagið og Leikfélagið) hefðu komið sér saman um að sýna operettuna aftur í haust og eftir þær sýningar yrði gengið frá lokauppgjöri.-

Þá kom fyrirspurn um kaupgjald til leikara og skýrði gjaldkeri frá því að leikurum og starfsfólki hefði verið greidd 25% í uppbót.-

Lárus Sigurbjörnsson, Ævar Kvaran og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjörleifur ítrekaði skýringu fyrir að hafa gert lítið í sambandi við ýmsar smáf. tillögur, á síðasta aðalfundi, svo sem tilboð Árna Sigurðssonar frá Winnipeg, um stækkun lífskrár o. s. fr.-

Þorsteinn Ó. Stephensen var óánægður með valdsvið lyftuvélanefndar og vildi láta það ná svo langt að hún hefði rétt til að taka þátt í hlutverkaskipun, að öðrum kosti kæmi nefndin ekki að fullu gagni, og virðist óþörf.-

Engin ákvörðun var þó tekin um þetta.-

Þá tók til máls Gestur Pálsson og taldi hann sjálfsagt að afskriftir næmu meir en það sem fyrir er bókfært í reikningum, og lagði hann fram svohlj. tillögu:

"Ég undirritaður geri það hér-með að tillögu minni að af liðnum "Ýmsar eignir pr. 1/1-36" í efnahagsreikningi kr. 18.909.47, verði afskrifað að minnsta kosti kr. 10.000.00 í starfsárinu 1940-41"

Gestur Pálsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir nokkrar umræður var tillaga þessi samþykkt með 17 atkv. gegn 3 (þeirra Hallgríms Bachmann, Sig. Guðmundar og Hallfríðar Björnsdóttur) bókuð samkv. ósk þeirra.

Eftir allar þessar umræður voru svo reikningar félagsins loks samþ. með 18 atkv. gegn 2.

Þá fór fram stjórnarkosning.

Formaður var kosinn Valur Gíslason með 18 atkv. Þorst. Ö. Stephensen fékk 17 atkv.

Ritari var kosinn Brynjólfur Jóhannesson með 33 atkv. Lárus Pálsson fékk 2 atkv.

Gjaldkeri var kosinn Hallgrímur Bachmann með 26 atkv. Jón Leós fékk 8 atkv.

Varastjórn

Varaformaður: Alfred Andrésson, Vararitari: Emilía Borg, Varagjaldkeri: Arndís Björnsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endurskoðendur:
Sigurður Guðmundsson, og stjórninni falið að semja á ný við A. Mencke & Co.

Leikritavalsnefnd:
Gestur Pálsson og Ævar Kvaran.

Launanefnd:
Alfreð Andrésson, Þorsteinn Ö. Stephensen og Sigurður Guðmundsson.–

Þá var samþ. tillaga um að kaup statista haldist óbreytt næsta vetur, sem er kr. 10.– á kvöld fyrir hvern + full verðlagsuppbót.–

Ægir Sigurbjörnsson lagði þá fram svohlj. tillögu: „Aðalfundur samþykkir að greiða fulla verðlagsuppbót á kaup leikenda og starfsmanna á næsta starfsári, enda verði verð aðgöngumiða hækkað í samræmi við óhjákvæmilega útgjaldahækkun."

Tillaga þessi var samþ. í einu hljóði.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar næst lagði hann L.S. fram svohlj. tillögu, sem var samþ. með 9 samhlj. atkvæðum.-

„Í framhaldi af fyrri tillögum um afskifti L.R. af útgáfu leiklistarsögu Reykjavíkur felur aðalfundur stjórn félagsins að leita samkomulags við stjórn Sögu-félagsins Ingólfur á hvern hátt L.R. getur stutt að fyrirhugaðri útgáfu félagsins á vori komandi.“

Þorsteinn Ö. Stephensen og Ævar R. Kvaran lögðu fram svohlj. tillögu, sem Ævar fylgdi með ræðu.-

„Fundurinn álytkar að beina til stjórnar félagsins eindreginni áskorun um að halda á næsta vori aðalfund þegar er félagið hefir lokið leikstarfsemi.
Á þessum fundi fari fram kosning stjórnar og nefnda, og gefið bráðabirgða-yfirlit um reikninga félagsins, en endanleg samþykkt reikninganna fari

fram síðar í sumarinu er því hefir verið endurskoðað."-

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.- Þar sem ekki lá fleira fyrir var fundi slitið kl. 12.20

V. Gíslason Bergþór Jóhannsson ritari.

Árið 1942 hinn 30. maí var haldinn aðalfundur Ljósfélags Reykjavíkur í húsi Útgerðarmannafélags Reykjavíkur.-

Fundarefni utan dagskrár:

1. Minnst látinna félaga: Bjarni Björnss. og Hjalti Björnsson
2. Úrskurður atkvæða berkv. umræðum.
3. Inntökubeiðnir.-

Aðalfundarefni:

1. Ritari les fundargjörð síðasta fundar
2. Stjórnin gefur bréfaborgðaskýrslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Kosin stjórn og varastjórn og tveir menn í leikritavalsnefnd.-

Kl. 4½ setti formaður fundinn og voru þá mættir 26 meðlimir en 7 mættu með umboð, síðar mættu 3.-

Eftir að hafa sett fundinn minntist form. tveggja látinna félaga, þeirra Bjarna Björnssonar og Hjartar Björnssonar, og bað fundarmenn að minnast þeirra með því að standa upp, og var það gjört.-

Þá voru lögð fram umboð, sem hér segir:

Alfreð Andrésson mætti með umboð fyrir Sigfús Halldórsson
- sami - " " " Har. Á. Sigurðsson
Lárus Sigurbjörnsson " " " Ólaf Þorgrímsson
Haraldur Björnsson " " " Ingibjörgu Bachmann
Þorst. Ö. Stephensen " " " Pétur Á. Jónsson
Emil Thoroddsen " " " Indriða Waage
sami " " " Gunnar J. Möller

Samþ. var með öllum gr. atkv. að taka þessi umboð gild.-

Inntökubeiðnir höfðu borist frá:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristni Friðfinnssyni, [illegible], Finni Kristinssyni og Gaðna J. Bjarnasyni, en þar sem ekki hafði verið tekið fram í umsóknunum ofanrituðu vegna starf þeir höfðu int af hendi í þágu félagsins, samkv. 5. grein, og auk þess hafa þeir aðeins starfað stuttan tíma hjá félaginu lagði Lárus Sigurbjörnsson fram svohlj. tillögu: "Fundurinn samþykkir að fresta afgreiðslu á 3 umsóknarbeiðnum til framhaldsaðalfundar í haust."

Tillaga þessi var samþ. með 19. atkv. gegn 3.-

Þá las ritari fundargjörð síðasta fundar og var hún samþ. í einu hljóði.-

Nú skýrði formaður frá störfum s.l. vetur.-

Þann 18. september -41 var Óperettan Nitouche tekin til sýningar að nýju og sýnd 25 sinnum til 14/12-41.

Næst var sýnt leikritið „Á flótta" eftir Robert Ardrey og var frumsýning á því 19. október -41.- Það var leikið 12 sinnum til 14/12-41.

Á annan í jólum var fyrsta frumsýning á „Gullna hliðið" eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Það var sýnt 66 sinnum á leikárinu frá 26/12-41 til og með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. maí - 42, eða aðeins 5 mánuði. - Sýningafjöldi félagsins alls var því 78 kvöld fyrir utan 25 sýningar á Akranesi með Templarafélaginu. -

Til æfinga hafði verið tekið leikritið „Der Teufel" eða „Djöfullinn" eftir Fr. Molnar, en vegna óviðráðanlegra atvika varð að hætta við að sýna það. -

Þá las gjaldkeri upp bráðabirgðareikningsyfirlit, - það sýnir nettóhagnað á rekstrarreikningi Kr. 26.723.91. - Efnahagsreikningur sýnir að höfuðstólsreikningur er aðeins Kr. 12.608.87. - En í bráðabirgðayfirliti þessu er bæjarstyrkur tilfærður aðeins Kr. 6000.- en á að vera Kr. 10.000.- Þannig að nettóhagnaður á eiginlega að hækka úr Kr. 26.723.91 upp í Kr. 30.723.91

Efnahagsreikningsyfirlitið er heldur ekki rétt samkv. þessu, - á því eru heldur ekki tilfærðar afskriftir. - En eitt er þó fullvíst samkvæmt þessu yfirliti að félagið getur nú í lok starfsársins greitt upp allar skuldir og átt þar að auki álitlega fjárupphæð afgangs til næsta starfsárs. -

Þegar gjaldkeri hafði lokið lestri reikningsyfirlits

tók til máls Lárus Sigurbjörnsson.-

Hann sagðist álíta að þar sem hagur L.R. væri nú orðinn þetta góður ætti það, á næsta ári, að geta fært út kvíarnar og starfa af fullum krafti og útvega sér góðan æfingarstað.- Hann vildi að félagið tryggði sér fleiri föst æfinga-kvöld í Iðnó næsta vetur, svo að keppinautar leikfélagsins, svo sem Revýan og aðrir, gætu ekki komist að nema með samþykki L.R.- Hann upplýsti að íþróttamenn hefðu í hyggju að sýna „Skugga-Svein" næsta vetur, - og ef til vill fleiri, myndu reka leikstarfsemi í næsta ári.-

Þá vildi Lárus Sigurbjörnsson að samþ. væri heimild undanþegin 10. gr. laga að ráðinn yrði framkvæmdastjóri fyrir félagið á næsta starfsári.-

Formaður svaraði því á þá leið að óþarfi væri að taka ákvörðun um það á þessum fundi, enda myndi væntanleg stjórn segja til um það hvort hún óskaði eftir sérstökum manni í það starf.-

Hjörleifur Hjörleifsson upplýsti að allt út-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-lit væri fyrir og Þjóðleikhúsið losnaði úr hershöndum í haust og af því væri sjálfsagt fyrir félagið að fá að innrétta þar undireins stað til afnota fyrir æfingar.-

Nokkrar umræður urðu um þetta, og töldu margir það mjög vafasamt að húsið losnaði í haust þó að búið væri að gera margítrekaðar tilraunir um það við setu-liðsstjórnina.- Til máls tóku Har. Björns, Helgi Bachmann, Valur Gísla, Brynjólfur Jóhannesson, Gunnar Stefánsson og Þorsteinn Ö. Stephensen, sem upplýsti að stjórn „Félags íslenskra leikara“ hefði gjört ítrekaðar tilraunir til að fá húsið laust, og það hefði engan árangur borið og teldi hann, ásamt fleirum ræðumönnum, að ef þetta væri rétt, sem þó væri mikið vafamál, þá væri auðvitað sjálfsagt að krefjast þess að hafist yrði handa að innrétta Þjóðleikhúsið.-

Nú átti að fara fram stjórnarkosning, en áður en það gat orðið kvaddi hinn Sigurbjörn að segja nokkur orð! Hann ítrekaði tillögu /

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ina um það að framkvæmdarstjóri væri kosinn,
og stakk upp á Hallgrími Bachmann í þann stað,
en stakk síðan upp á að Brynjólfur Jóhannesson
yrði kosinn formaður og Valur Gíslason, ritari
en þá Lárus gjaldkeri.- Brynjólfur kvaddi sér
síðan hljóðs og sagði m.a. að sér hefði
áður staðið til boða að vera formaður
félagsins og ekki þegið það þá, og þar sem
hann væri nú búinn að vera ritari félagsins í
8 ár samfleytt og svo að segja óslitið í stjórn
félagsins síðan 1930, þar með talið tímabil
það er Ábyrgðarmannafélagið rak L.R., og kynni vel
við ritarastarfið, ásamt þeim störfum sem því fylgja,
í samvinnu við góða meðstjórnendur, þá legði hann
til að þar sem núverandi stjórn skilaði nú
félaginu skuldlausu og vel það, þá yrði hún
endurkosin og með því gefið tækifæri til að
sýna hvernig hún gæti nú haldið um gróðann.-
Þá lýsti Hallgrímur því yfir að hann
óskaði ekki eftir að verða kosinn framkvæmdarstjóri
en studdi tillögu B.Jóh. um að stjórnin yrði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

endurkosin. — Þá fór fram stjórnarkosning.—

Formaður var kosinn Óskar Gíslason, með 25 atkv.

Ritari var kosinn Kristófer Jóhannsson, með öllum gr. atkv. og lófaklappi!

Gjaldkeri var kosinn Hallgrímur Bachmann með 24 atkv.

Varastjórn var öll endurkosin en hana skipa, Alfreð Andrésson, varaform., Emilía Borg, vararitari og Arndís Björnsdóttir varagjaldkeri.—
Leiktjaldanefnd var og endurkosin: Pétur Pétursson og Óskar R. Ásgeirs.—

Að þessum störfum loknum stóð upp frú Kára Borg Einarsson og kvaðst vilja gefa þá skýringu, til að fyrirbyggja misskilning, að stjórn félagsins hefði m.a. haft við að búa.. Þá þagði [illegible] fr. Molnár með tilliti til [illegible] hennar.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorsteinn Ö. Stephensen skoraði á stjórnina að sýna fleiri leikrit næsta vetur en gjört hefði verið undanf. vetur.- Formaður svaraði því til að það myndi áreiðanlega verða gjört.-

Ævar R. Kvaran talaði þá nokkur orð um að þar sem hagur félagsins væri orðinn þetta góður myndi hætta á að styrkur til félagsins af opinberu fé yrði minnkaður og stakk því upp á að gjöra félagsins, að svo miklu leyti sem hægt væri, yrði notaður til afskrifta og kaupa á ýmsu þarflegu fyrir félagið, svo sem hárkollur og annað, sem [illegible] er til af.-

Formaður svaraði því að stjórnin myndi að sjálfsögðu gera sitt til að bæta úr ýmsu, sem [illegible] gat um.-

Lárus Sigurbjörnsson skoraði á stjórnina að sýna fleiri íslenzk leikrit, og benti upp á nokkur mjög gömul, sem aldrei hefðu verið sýnd, svo sem „Skemtun", „Misskilningur" o. fl.-

Þorst. Ö. Steph. og Lárus Sigurbjörnsson ítrekuðu áskorun til stjórnarinnar um að styrkja félagsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fleiri listkvöld í Iðnó næsta vetur.-
Þar sem fleira lá ekki fyrir þessum fundi var honum frestað.-
Fundurinn stóð frá kl. 4½ til 7.-

V. Gíslason Brynjólfur Jóhannesson

Árið 1942 4. október kl. 4½ var haldinn framhaldsaðalfundur í Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó uppi.-

Á fundarbyrjun voru mætti 15 félagar.-

Fundarefni:

1. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
2. Önnur mál.-

Ritari les upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþ. í einu hljóði.-

Inntökubeiðnir frá Kristni Friðfinnssyni og Gedda Björnssyni og Finni Kristinssyni, sem frestað var að taka ákvörðun um á síðasta fundi voru nú teknar til umræðu aftur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og voru þeir Kristinn og Guðni sendir. um með-
félagsins en innlokabliði Finns Kristinnson kom
ekki til atkvæða þareð hann hefði unnið
mjög starfa sinn hjá félaginu.-

Formaður les nú upp endurskoðaða reikn-
inga félagsins:

Eignir: Efnahagsreikningur félagsins k. 30/6:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ýmsar eignir | | Kr. 20.969.47 | |
| ÷ Afskrifað pr. 30/6 1942 | | " 10.484.74 | = Kr. 10.484.73 |
| Ljósáhöld | | Kr. 3.543.29 | |
| ÷ Afskrifað pr. 30/6.1942 | Kr. 354.33 | | |
| " áður | " 400.- | 754.33 | = Kr. 2.788.96 |
| Birgðir: Auglýsingaspjöld | | Kr. 1.000.- | |
| Hárkollur | | " 500.- | = Kr. 1.500.- |
| Ógreiddur bæjarstyrkur | | | Kr. 10.000.- |
| " ógreitt frá Nilsmark, áætlað | | | " 5.000.- |
| Í sjóði og banka | | | " 13.830.98 |
| | | Samtals | = Kr. 43.604.67 |

Skuldir:

Ógreiddur skemmtanaskattur Kr. 16.221.95

Flyt:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nettó: Kr. 16.221.95

Höfuðstóll pr. 1/7-1941 Kr. 12.608.87

Afgangur samkvæmt rekstrarreikn.: 14.773.85 = Kr. 27.382.72

= Kr. 43.604.67

Nettóhagnaður á starfsárinu er samkvæmt rekstrarreikningi Kr. 14.773.85. Höfuðstólsreikn. er samtals Kr. 27.382.72

Öll tjöld, húsgögn, búningar, handrit, bækur, ljósmyndir og myndamót, sem keypt var á árinu, var afskrifað og nam það Kr: 11.246.11.-

Aðrar afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi, nema: Kr. 10.839.07 + tapaðar skuldir Kr. 542.60 = Kr. 11381.67

Aðgöngumiðasala nam á árinu Kr. 189.710.50

(Brúttó) Tekjur af leikskrá : : : : 6.072.45

Ríkisstyrkur : : : : 8.000.-

Bæjarstyrkur : : : : 10.000.-

Húsaleiga hefir hækkað á árinu og hefir aldrei verið meiri en nú eða samtals Kr. 22.140.00

Félagið er nú alveg laust við allar skuldir og á í höfuðstólsreikningi, eins og fyrr getur, Kr. 27.382.72.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningar sjóðsins voru síðan samþykktir með samhljóða atkvæðum.-

Þá fór fram kosning endurskoðenda: Sigurður Guðmundsson var kosinn með samhlj. atkv. og stjórninni falið að semja við endurskoðunarskrifstofu „N. Manscher & Co." Sigurðar Jónssonar:-

Formaður skýrði frá því að kaup leikara og starfsfólks yrði á næsta leikári hækkað um 25% til 30% + fullt verðlagsuppbót.-

Listamannaþing: Leikritið: Dansinn í Hruna eftir Indriða Einarsson hefði verið valið til sýningar í listamannavikunni, sem átti að hefjast í október. en var frestað þar til í nóvember.- Indriði Waage er ráðinn leikstjóri.-

Þá skýrði formaður frá því að norska leikkonan frú Gerd Grieg (Gerd Egede-Nissen) kona norska skáldsins Nordahl Grieg hefði verið ráðin til að setja upp (instruera) og leika aðalhlutverkið „Heddu Gabler" í samnefndu leikriti eftir Henrik Ibsen, og væri nú æft af kappi og frumsýning væri ákveðin um miðjan október.- Þarnæst er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ssb. Dansinn í Hruna í leiksmannavikunni, en 3. leikritið yrði, að öllu forfallalausu, „Leðurblakan", óperetta eftir Johann Strauss í samvinnu við Tónlistarfélagið. Haraldur Björnsson er ráðinn leikstjóri.-

<u>Leikhúsið:</u> Stjórn félagsins hefir ekki getað fengið svar frá húsnefnd og húsráðenda um kvöldafjölda í þessu starfsári hefir hinsvegar boðist á að leigja félaginu fast 3 kvöld í viku.- Það var ekki hægt að fá ákveðið hversu há húsaleigan myndi verða, en hinsvegar gizkað á að hún gæti verið orðin undir 450 til 500 kr. fyrir hverja sýningu.- Um æfingar er ekki að ræða í húsinu nema kvöld, sem ekkert er hægt að leigja húsið til annars.- Þó mun fást æfingar í leikhúsinu 2 til 3 síðustu kvöldin fyrir frumsýningu.- Er formaður hafði gefið þessa skýrslu stóð upp Þorst. Ö. Stephensen og mæltist til þess að stjórn félagsins gerði í næstu leikför tilraun til þess að gera leikskrána betur úr garði, með fróðari ritgjörðum um leikritið o.þ.u.l.- Formaður skýrði frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá því að Gunnar Stefánsson hefði verið ráðinn
til þess að sjá um leikskrána í næsta vetri.-

Gunnar Stefánsson bætti því næst nokkur orð,
og lofaði að reyna að sjá um góðar greinar í
ritið, og að þegar væri búið, að mestu, að fá
greinar í fyrstu leikskrána en þar voru meðal
annars um frú Gerd Grieg og Henrik Ibsen. Þá sagði
hann að sér hefði tekist að auka auglýsingarnar
að miklu.-

Fleira var ekki bókað fyrir á þessum
fundi og var honum slitið kl. 6.-

[illegible]slason Brynjólfur Jóhannesson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur